

Er raunhæfur grundvöllur fyrir fjölbreytt endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum?

„Hann þarf ekki á refsingu að halda... Núna þarf hann bara hjálp!“

Ásdís Halldóra Hreinsdóttir

Linda Baldursdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í sálfræði

Sálfræðideild

maí 2019

Er raunhæfur grundvöllur fyrir fjölbreytt endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum?

Ásdís Halldóra Hreinsdóttir og Linda Baldursdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í sálfræði

Leiðbeinendur
Sigrún Sigurðardóttir
Hrafnhildur Gunnþórsdóttir

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2019

Titill: Er raunhæfur grundvöllur fyrir fjölbreytt endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum?

Stuttur titill: Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í sálfræði

Höfundarréttur © 2019 Ásdís Halldóra Hreinsdóttir og Linda Baldursdóttir
Öll réttindi áskilin

Sálfræðideild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Ásdís Halldóra Hreinsdóttir og Linda Baldursdóttir, 2019, B.A. verkefni,
félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 55 bls.

Prentun: Prentmet

Selfoss, maí, 2019

Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvaða betrunarúrræði eru í boði í íslenskum fangelsum í dag, sem og hvaða úrræði eru í boði eftir að einstaklingar ljúka afplánun. Mikil vöntun er á rannsóknum á þessu sviði á Íslandi og er það hvatinn af því að lagst var í þessi skrif.

Orsakir þess að einstaklingar eru dæmdir til fangelsisvistar eru margs konar og hafa verið lagðar fram ýmsar kenningar um að slæmar heimilisaðstæður, áhrif félagahópsins og andlegir sjúkdómar í bland við vímuefnaneyslu séu áhættuþættir. Flestir þeirra einstaklinga sem afplána dóma í fangelsum hér á landi hafa átt við mikla erfiðleika að glíma á lífsleiðinni og eiga sumir þeirra lítið sem ekkert bakland. Eftir afplánun mæta þessir einstaklingar fordómum samfélagsins, eiga erfitt með að fá atvinnu og þeim getur reynst erfitt að finna sér húsnæði. Aðstæður sem þessar valda streitu sem getur leitt til ýmissa andlegra kvilla sem gerir þeim mun erfiðara fyrir að byggja sér grunn að heilbrigðu og góðu lífi. Margir koma ekki undir sig fótunum og enda aftur í fangelsi.

Rætt var við tvo einstaklinga sem hafa báðir afplánað langa dóma hér á landi til að fá betri innsýn í hvaða úrræði eru í boði í dag og hvort þeir telji einhverju ábótavant. Viðtölin eru samofin efni ritgerðarinnar. Það skiptir miklu máli að íslenskt samfélag geti gert ráð fyrir að í kjölfar afplánunar komi einstaklingar út tilbúnir til að taka þátt í því á virkan hátt. Mikilvægt er að opna umræðuna og draga úr fordómafullum viðhorfum sem samfélagið hefur til einstaklinga sem hafa þurft að sitja af sér fangelsisdóma.

Eftir að hafa kannað hvað er í boði fyrir fanga í íslenskum fangelsum og hvað tekur við hjá þeim þegar þeir koma aftur út í samfélagið er það niðurstaða okkar að skortur er á fjölbreyttum úrræðum til menntunar, endurhæfingar og betrunar fyrir fanga á Íslandi. Er raunhæfur grundvöllur fyrir fjölbreytt endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum? Við teljum svo vera. Eitt af meginmarkmiðum íslenskra yfirvalda ætti að vera að fækka endurkomum í fangelsi og stytta bið eftir afplánun með góðum og fjölbreyttum úrræðum.

Lykilorð: fangar, fangelsi, endurhæfingarúrræði

Abstract

The essay's main goal is to look at which rehabilitation programs are available in Icelandic Prisons today as well as which programs are available for individuals that are completing their prison sentence. There is a lack of research on this subject in Iceland which was the motivation for writing about this subject.

Various reasons exist as to why someone ends up serving jail time. Hostile home environment, peer pressure and mental diseases combined with substance abuse are considered potential risk factors. A large portion of individuals that serve time in Icelandic prison have been through great difficulties in their lives and some of them have little or no support from relatives or friends. After serving time these individuals face the prejudice of society, find it difficult to find employment and a place to call home. Situations like these can cause stress that can lead to various mental disorders that make it much more difficult to build a foundation for a healthy life. Many of them can not build a steady ground and end up imprisoned again.

Two individuals who both have spent a long time in prison in Iceland were interviewed to get a better insight into what recourses are available today and whether they think something can be improved. Their words will be used when relevant throughout this essay.

It is important that Icelandic society can assume that, following a serving, individuals are willing and able to actively participate in society. There is a need to open up a debate and reduce prejudice towards individuals that have had to face imprisonment.

After conducting research on the opportunities available to convicts in Icelandic prisons and ex-convicts upon leaving prison, it is apparent that there is a lack of options for education, rehabilitation and and reintegration for inmates. Is there a realistic foundation to develop diverse rehabilitation programs in Icelandic prisos? We believe the answer is yes. One initiative of the Icelandic government should be to decrease the need to re-institutionalize former prisoners, and to shorten the list of convicts awaiting imprisonment by implementing modern solutions.

Keywords: prisoners, prison, rehabilitation remedies

Þakkarorð

Við viljum þakka leiðbeinendum okkar Sigrúnu Sigurðardóttur og Hrafnhildi Gunnþórsdóttur fyrir veitta aðstoð og hvatningu við skrif á þessu verkefni. Einnig þökkum við hjartanlega viðmælendum okkar tveimur fyrir að deila með okkur lífsreynslu sinni. Enn fremur þökkum við Hildi Petru Friðriksdóttur fyrir yfirlestur og aðra aðstoð og að lokum fjölskyldum okkar fyrir þolinmæði og hvatningu.

Efnisyfirlit

1. <i>Inngangur</i>	1
2. <i>Afbrot, frávíkshögðun og úrræði</i>	3
2.1. Kenningar um frávíkshögðun	3
2.2. Rannsóknir á meðferðarúrræðum.....	5
2.3. Staðan á Ísland.....	7
3. <i>Refsileiðir</i>	10
3.1. Framkvæmd refsinga.....	10
4. <i>Fangelsi</i>	12
4.1. Áhrifaþættir á afbrotahegðun	12
4.2. Fangelsismálastofnun	13
Opin fangelsi	14
Lokuð fangelsi.....	14
4.3. Opinber þjónusta sem er í boði í fangelsum á Íslandi	14
4.4. Nám og atvinna í fangelsum á Íslandi	16
4.5. Norræna módelið.....	20
5. <i>Lok afplánunar</i>	22
5.1. Reynslulausn	23
5.2. Áfangaheimilið Vernd.....	24
5.3. Endurkomutíðni í fangelsi.....	24
6. <i>Betrun</i>	26
6.1. Samskipti við fanga	26
7. <i>Endurkoma út í samfélagið</i>	28
7.1. Meðferðarheldni	29
8. <i>Endurhæfing</i>	31
8.1. VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.....	31
Starfsemi VIRK.....	32

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

Aðferðafræði VIRK	33
Hverjir eiga rétt á þjónustu hjá VIRK	33
VIRK og önnur úrræði	33
8.2. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ).....	34
Sjúkrahúsið Vogur	34
Meðferðarstöðin Vík	35
Göngudeildir SÁÁ	35
Vin.....	35
9. Niðurstöður, umræður og lokaorð.....	37
10. Heimildaskrá.....	39

1. Inngangur

Meginmarkmið fangelsunar samkvæmt Fangelsismálastofnun ríkisins er: „Að fönngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við sín mál“ (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-a).

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um afbrot og frávik. Þar má nefna kenningu um félagslegt taumhald (e. social control) sem snýst um að samfélagsþegnar virði viðmið og gildi samfélagsins. Átakasjónarhorn félagsfræðinnar hefur þá skoðun að ólíkir þjóðfélagshópar séu í eilífum átökum um hagsmuni sína þar sem þeir hafi ekki sama aðgang að gæðum samfélagsins (Magnús Einarsson, 2011). Travis Hirschi (1969) nefnir fjóra meginþætti sem skipta máli um tengsl einstaklings við samfélag. Þessir þættir eru geðtengsl (e. attachment), skuldbinding (e. commitment), þátttaka (e. involvement) og viðhorf (e. belief) (Hirschi, 1969). Kenning Edwin H. Sutherland um félagsmótun og jafningjaáhrif bendir á að einstaklingur gerist afbrotamaður vegna þess að hann lærir slíka hegðun og hann skortir löghlýðnar fyrirmyndir (Magnús Einarsson, 2011). Sykes og Matza (1957) tala um réttlætingu afbrotahegðunar í fimm þáttum. Afneitun ábyrgðar (e. denial of responsibility), afneitun skaða (e. denial of injury), afneitun fórnarlamb (e. denial of victim), fordæming þeirra sem fordæma (e. condemnation of the condemners) og hollusta við félag (e. appeal to higher loyalties) (Sykes og Matza, 1957). Stimplunarkenningin (e. labelling theory) segir frávikshegðun kalla á viðbrögð frá samfélaginu sem orsaka það að sjálfsmynd og félagsleg staða einstaklings gjörbreytist (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Þörf er á að rannsaka hvað það er sem virkar á sviði betrunar, forvarna, vímuefna meðferða, stefnumótunar og afbrota til að hægt sé að átta sig á hver ávinningurinn er fyrir samfélagið bæði kostnaðarlega og félagslega (Weisburd, Farrington og Gill, 2017). Stefnumótun sem er of almenn og einkum byggð á „mögulegum hugmyndum“ ber ekki árangur. Persónuleg meðferð fyrir afbrotamann og (mögulegt) fórnarlamb skiptir öllu máli til að ná árangri (De Waard, 2017). Skoða þarf marga þætti úrræða til hindrunar afbrota og þar er lykilatriði að meta úrræðin og framkvæma gæðarannsóknir. Neikvæð jafningjaáhrif eru talin megin skýring á skaðlegum áhrifum úrræða (Welsh og Roque, 2014). Meðferðarúrræði felast meðal annars í menntun, hugrænni atferlismeðferð og vímuefna meðferð (Miceli, 2009). Á undanförunum árum

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

hefur aukin þekking á árangri aðferða og meðferða miðað að því að koma í veg fyrir endurtekin brot (De Waard, 2017).

Ísland er lítil þjóð en hefur mikið breyst undanfarna áratugi með auknum fjölda innflytjenda. Samfara því og nánari tengslum við alþjóðasamfélagið hefur afstaða til afbrota breyst. Sérstaklega á þessi breytta afstaða við um ofbeldis- og fíkniefnabrot (Helgi Gunnlaugsson, 2108). Trú á fangelskerfið eða réttarfarskerfið á Íslandi er lítil. Fangelsin fá of lítið fjármagn vegna þess viðhorfs að refsing skipti litlu máli (Pakes og Gunnlaugsson, 2018). Til að hægt yrði að grípa snemma inn í aðstæður hjá einstaklingum sem af einhverjum orsökum detta út af vinnumarkaði með fjölbreyttum úrræðum var VIRK starfsendurhæfingarsjóður settur á laggirnar (Virk, 2018). Staða síbrotamanna er mjög slæm og þeir glíma við margskonar vanda, því er mikilvægt að þeir fái stuðning í formi ráðgjafar, náms og vinnu meðan á afplánun stendur (Kristín Sigurðardóttir, 2019a).

Tilgangur ritgerðar þessarar er eins og áður sagði að skoða aðstæður fanga í íslenskum fangelsum hvað varðar betrun með endurhæfingu og menntun og hverju sé ábótavant. Til að koma í veg fyrir endurtekin afbrot þarf bættu þjónustu fyrir fanga. Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með er: Er raunhæfur grundvöllur fyrir fjölbreytt endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum?

Til að svara rannsóknarspurningunni voru skoðuð *Lög um fullnustu refsinga* nr. 15/2016, *Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða* nr. 60/2012 og *Lög um vinnumarkaðsaðgerðir* nr. 55/2006. Heimilda um fangelsin á Íslandi var aflað á heimasíðu Fangelsismálastofnunar ríkisins. Hvað varðar vímuefnaðferð og endurhæfingu má nefna VIRK starfsendurhæfingarsjóð og þau úrræði sem hann tekur þátt í með fólki og Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann. Einnig var leitað heimilda á vefsíðum íslenskra fréttamiðla. Skoðaðar voru erlendar rannsóknir á úrræðum fyrir fanga þar sem mjög lítið er til af íslenskum rannsóknnum á föngum og fangelsum á Íslandi.

Ritgerðin skiptist í átta kafla eftir inngangi. Í kafla tvö er fjallað um kenningar um afbrot og frávíkshæðun, rannsóknir á meðferðarúrræðum, stöðuna á Íslandi og tilkomu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Í kafla þrjú er fjallað um refsileiðir og framkvæmd refsinga. Í fjórða kafla er fjallað um fangelsi á Íslandi og þá þjónustu sem þar er í boði. Í kafla fimm er fjallað um lok afplánunar. Í kafla sex er fjallað um betrun. Í kafla sjö er fjallað um endurkomu fanga út í samfélagið. Í kafla átta er fjallað um endurhæfingu, VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Í kafla níu eru teknar saman niðurstöður, rannsóknarspurningu svarað og umræður.

2. Afbrot, frávíkshögðun og úrræði

Weisburd, Farrington og Gill, (2017) vitna í grein Robert Martinsons frá 1974 um endurhæfingu fanga, þar sem Martinson heldur því fram að aðferðir sem notaðar hafa verið virki ekki og spyr hvort menntun og starfsendurhæfing geri ekki meira en fangavist fyrir fanga. Það þurfi að koma inn aðstoð við að taka á djúpstæðum vanda fanganna sem hafa komið þeim í þessar aðstæður. Rannsóknir verði í framtíðinni að beinast að efnahags- og dóms- og félagslegum þáttum. Þessi grein vakti mikla athygli á sínum tíma og var ekki birt fyrir en eftir dómsmál um ástand í fangelsi (Weisburd, Farrington og Gill, 2017).

Viðmælandi 1:það þarf að fara einhvernvegin í rótina hjá þessum gæjum skiluru og vinna úr þessu áfalli sem átti sér stað hérna skiluru (lemur í brjóstakassann) til þess að það sé hægt að hjálpa þeim X segir að ég sé gangandi kraftaverk, bara að ég sé bara jafn heill og ég er í dag edrú, að ég geti verið til staðar fyrir fólkið mitt ...

2.1. Kenningar um frávíkshögðun

Félagslegt taumhald snýst um að halda vörð um viðmið og gildi samfélagsins. Það er gert með formlegum hætti með lögum og reglum ríkisvalds og óformlegum hætti með bæði skrifuðum og óskrifuðum reglum. Þegar þessar reglur eru brotnar hvort heldur sem formlegar eða óformlegar nefnist það frávíkshögðun (e. social deviance). Átakasjónarhorn félagsfræðinnar hefur þá skoðun að ólíkir þjóðfélagshópar hafi ekki sama aðgang að gæðum samfélagsins og séu því í eilífum átökum um hagsmuni sína. Þeir sem hafa völd eru verndaðir af hegningarlögum því ekki sé tekið á „hvítflibabrotum“ eins og „strætisglæpum“ (Magnús Einarsson, 2011).

Í bókinni *Causes of delinquency* nefnir Travis Hirschi (1969) fjóra meginþætti sem skipta máli þegar tengsl einstaklings við samfélag veikjast eða brotna. Þessir þættir eru geðtengsl, þá fyrst og fremst við fjölskyldu og aðra mikilvæga einstaklinga. Ef geðtengslin eru sterk eru minni líkur á frávíkshögðun sem brýtur á viðurkenndum reglum samfélagsins; skuldbinding, við starf menntun eða viðskipti. Þessari skuldbindingu er stefnt í voða með frávíkshögðun; þátttaka, í hvers konar félagslegu starfi dregur úr líkum á frávíkshögðun; síðasti þátturinn er viðhorf, gagnvart reglum og gildum samfélagsins. Ef virðing fyrir þeim er til staðar eru minni líkur á afbrotahögðun (Hirschi, 1969).

Viðmælandi 2: ... hvað á ég að segja, ég hef tiltölulega gott bakland sko. Þú veist ég var ekki í neinum vandræðum eða svona þú veist, ekki á götunni, ég átti góða fjölskyldu. Mig skorti aldrei neitt sko. Það var aldrei vandamálið. Eeeeeö bara svona eitthvað sem minn persónuleiki leiddist út í. Svo var ég á sjó og átti pening. Maður gat gert það sem maður vildi fyrir peninginn.

Í bók sinni *Félagsfræðiveislan: Sjónarhorn félagsfræðinnar* segir Magnús Einarsson (2011), kjarnann í kenningu Edwin H. Sutherland um félagsmótun og jafningjaáhrif vera þann að þegar einstaklingur gerist afbrotamaður er það ekki bara lærd hegðun heldur líka vegna þess að viðkomandi skorti fyrirmyndir um löghlýðna hegðun. Í því samhengi þarf að skoða mikilvægi þess hve oft og hve lengi samskipti og umgengni við aðra sem eru löghlýðnir eða ólöghlýðnir vara (Magnús Einarsson, 2011, 237).

Viðmælandi 2: Já neyslan mín er rosalega stutt og rosalega hröð... ég var með íbúð og ég var með hérna var með hérna... góða vinnu og þú veist og það var ekkert vandamál sko... jú jú ég fór á fyllerí með vinum mínum. Þetta var bara kúl.

Sykes og Matza (1957) tala um réttlætingu afbrotahegðunar eða hlutleysistækni sem felst í fimm þáttum. Afneitun ábyrgðar, þar sem einstaklingurinn segir verknaðinn slys eða hann hafi verið þvingaður til þess; afneitun skaða, enginn meiddist, afbrotamaður bendir á að enginn hafi meiðst eða þjófnaður álitinn lán; afneitun fórnarlamb, skaðinn var nauðsynlegur, viðkomandi átti þetta skilið; fordæming þeirra sem fordæma, athyglinni beint frá verknaðinum með vísan í eitthvað annað sem er ekkert betra. Þeir sem fordæma eru hræsnarar því þeir eru ekki betri; hollusta við félag, reglur og viðmið félagahópsins eru æðri reglum og viðmiðum samfélagsins. Félaginn er varinn þó það komi niður á þeim sem ver hann (Sykes og Matza, 1957).

Samkvæmt stimplunarkenningunni (e. labelling theory) kallar frávikshegðun á viðbrögð frá samfélaginu sem leiða til að sjálfsmynd og félagsleg staða einstaklings gjörbreytist. Að stimpla einstakling og brennimerkja sem afbrotamann mótar samskipti afbrotamannsins við aðra og sjálfsmyndin breytist vegna fordómafullra væntinga þeirra. Afleiðingin er að einstaklingurinn hagar sér í samræmi við væntingar annarra (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Viðmælandi 2: Það fer líka eftir því hvernig þú horfir á hlutina Ætlaðu að vera alltaf að bara, að þú sjá ekki skóginn fyrir þinn eigin? Viltu toga sjálfan þig upp úr þessu eða viltu bara vera með aumingjunum að ströggla sko ...

2.2. Rannsóknir á meðferðarúrræðum

Sá hugsunarháttur að „ekkert virki“ á sviði betrunar, forvarna, vímuefna meðferða, stefnumótunar, afbrota og réttlætis er ekki lengur gildur. Það virkar ekki allt og því er mikilvægt að stefnumótendur, afbrotafræðingar og sérfræðingar skoði vísbendingar um eða sannanir á áhrifum meðferða með tilliti til fjölmargra rannsóknaraðferða á meðferðum. Það þarf að rannsaka hvað það er sem virkar, til að hægt sé að átta sig á hver ávinningurinn er fyrir samfélagið, bæði kostnaðarlega og félagslega (Weisburd o.fl., 2017).

De Waard (2017) telur einkenni áhrifaríkrar stefnumótunar vera að hún sé sértæk og einbeitt: val og áhersla eru mikilvægustu þættirnir. Stefnumótun sem er of almenn og einkum byggð á „mögulegum hugmyndum“ ber ekki árangur. Árangur allra þátta inngripa er ákveðinn að því leyti hvernig mótunar þeir krefjast í ákveðnum aðstæðum. Persónuleg meðferð fyrir afbrotamann og (mögulegt) fórnarlamb skiptir öllu máli til að ná árangri. Nálgunaraðferðir sem miðast að afbrotamanni sýna minni árangur en aðferðir sem hindra aðstöðubundin afbrot og er margt sem styður það. Alltaf er hægt að gera betur (De Waard, 2017).

Welsh og Roque (2014) telja að skoða þurfi marga þætti áður en skorið er úr um hvort úrræði til hindrunar afbrota hafi skaðleg áhrif eða ekki. Í því samhengi er lykilatriði að meta úrræðin og framkvæma gæðarannsóknir. Aðrar mögulegar ástæður geta verið mistök í mælingum, ekki rétt kenning að baki úrræðinu eða útfærsla úrræðis. Birting vísindalegra rannsókna á skaðlegum áhrifum úrræða eru takmarkaðar (Welsh og Roque, 2014).

Heilmikið er til af vísbendingum um meðferðir sem bera árangur, meðferðir sem bera engan árangur eða meðferðir sem eru jafnvel skaðlegar. Það þarf traustar sannanir á því hvað virkar, hvað hefur mest áhrif og hvað er skaðlegt. Það sem skiptir máli eru gæði rannsókna sem sanna áhrif inngripa. Ótvíræðar niðurstöður fengust eftir nákvæma skoðun á rannsóknum á sviði þróunaráætlana, forvarna gegn afbrotum og endurhæfingu og þær niðurstöður eru að sterkar vísbendingar eru um áhrif aðferða í framkvæmd sakamálaaðgerða, við stefnumótun og forvarnarstarf (Weisburd o.fl., 2017).

Victoria Miceli segir rannsóknir á virkum endurhæfingarúrræðum hafa sýnt að meðferðirnar felast meðal annars í menntun, hugrænni atferlismeðferð og vímuefna meðferð. Í 50% tilfella ofbeldisafbrota og allt að 80% tilfella misnotkunar og vanrækslu á börnum kemur neysla lyfja og vímuefna við sögu (Miceli, 2009). Þær aðferðir sem draga úr vímuefnaneyslu og endurteknum brotum eru félagsleg inngríp og

lyfjameðferð. Það sem er athyglisvert er að afbrotahæðun minnkar með lyfjameðferð þar sem slík meðferð miðar ekki að minnkun afbrota en áhrifin geta verið óbein. Það er hægt að koma í veg fyrir endurtekin brot og draga úr afbrotum (Weisburd o.fl., 2017).

Mikilvægt er að gera mat til að sjá hvers konar meðferð hentar hverjum og einum einstaklingi (Miceli, 2009).

Viðmælandi 1: „...og... hvað þarf að gera fyrir fanga sem er að koma út... það þarf að greina fangann!... Hvern og einn einasta.“

Neikvæð jafningjaáhrif eru talin meginskýring á skaðlegum áhrifum úrræða. Bent hefur verið á að félagsskapur við jafningja er ekki alltaf hluti af úrræðinu og því er það ekki úrræðið sjálft sem hefur skaðleg áhrif. Það hvaða kenningu er stuðst við í úrræðinu er einn mögulegur orsakavaldur og það er eitthvað sem afbrotafræðin horfir ekki til þegar hún talar um skaðleg áhrif úrræða. Sálfræðilegar rannsóknir á skaðlegum áhrifum úrræða hafa bent á að orsökkin liggi mögulega í því að þegar einstaklingur sem er háður úrræðinu nýtur ekki lengur góðs af því geti frávikshegðun hans aukist. Áhrifin á sama einstakling eru mögulega ekki þau sömu yfir tíma, það er, að aldur getur skipt máli. Niðurstöður Welsh og Roque (2014) benda til að hópúrræði í hindrun afbrota hafa skaðlegri áhrif en einstaklingsmiðuð úrræði.

Viðmælandi 1: ... og hérna ... hvað gerist? Skiluru?... hvað geerist fyrir þessa krakka? Ég var, ég var svalastur í öllum heiminum þegar ég kom út ég var bara aaaaðal spaaaðinn ... og ef að þú ert aðal spaðinn útaf einhverju svona neikvæðu ... þá ertu ekkert að fara snúa við, þá ert þú ekkert að fara að stoppa, þá ertu bara að fara að halda áfram að vera aðal spaðinn ...

Kaiser og Holtfreter (2015) vildu kynna sambætt fræðilegt líkan, fyrir sérhæfðar dómsáætlanir sem tengdar hafa verið við áframhaldandi meðferð brotafólks undir eftirliti yfirvalda. Fyrsta sérhæfða dómsáætlunin var gerð árið 1989 í *Miami-Dade* í Flórída og var áherslan lögð á að taka á þeim fjölmörgu fikniefnabrotum sem komu inn á borð réttarvörslukerfisins og brúa bilið milli þess og vímuefna meðferðar. Áætlunin var annar kostur í stað fangelsisvistunar fyrir fikniefnabrot og gerði dómstólum kleift að bjóða upp á langtíma meðferð fyrir brotafólk með vímuefnavanda, undir eftirliti yfirvalda.

Fræðigreinum á þessu sviði fer fjölgandi og veita þær sannfærandi rökstuðning fyrir því að auka ætti áherslu á lækisfræðilega nálgun réttarvörslukerfisins með það að markmiði að auðvelda fyrirbyggingu afbrota (Kaiser og Holtfreter, 2016).

De Waard (2017) segir að á undanförunum árum hefur aukin þekking á árangri aðferða og meðferða miðað að því að koma í veg fyrir endurtekin brot. Þar má nefna tilfinningastjórn, þjálfun í félagsfærni og hópmeðferðir. Aðrar meðferðir hafa sýnt allt að 60% minnkun afbrota eins og hugræn atferlismeðferð, leiðbeinendanámskeið og aðstoð við atvinnuleit. Aðgerðir réttarfarskerfis koma í veg fyrir 1/8 endurtekinna brota að meðaltali, því er nauðsynlegt að spyrja hvað skýrir svo mikinn mun á árangri allra meðferða. Frá því að árangur meðferðar minnkar um 40% upp í að aukast um 60% (De Waard, 2017).

Viðmælandi 1: Ég er ruglaður þegar ég nota dóp ... og þegar ég drekk ... og þá frem ég afbrot ... skiluru, ég á, ég á enga dóma, enga dóma á bakinu sem ég framdi edrú ... því ég er ekki svona ... ég er bara ruglaður þegar ég nota dóp og er að drekka skiluru, þessvegna er ég edrú.

2.3. Staðan á Ísland

Ekkert fangelsi var á Íslandi þegar fangelsisdómar voru lögleiddir á 17. öld og voru fangar sendir til Kaupmannahafnar í afplánun. Fyrsta fangelsið var byggt á árunum 1765-1771 í Reykjavík. Árið 1874 var Hegningarhúsið byggt. Litla Hraun var tekið í notkun 1929 í húsnæði sem áður var spítali en það hefur verið stækkað (The National Commissioner of the Icelandic Police, 2005). Fangelsi höfðu ekki verið byggð sem slík í mörg ár (Pakes og Gunnlaugsson, 2018) fram til ársins 2013 þegar byrjað var að byggja fangelsið að Hólmsheiði en það var opnað árið 2016 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d).

Þó skráning afbrota hafi verið slök fram á 20. öldina eru fá alvarleg afbrot skráð og óleyst morðmál fyrirfinnast varla á Íslandi. Árið 2015 voru fangelsisdómar 490 talsins og samanlagður árafjöldi þeirra 286 ár. Frá árinu 2007 er þetta 20% aukning í fjölda dóma en samanlagður árafjöldi 14 árum færri. Mesti samanlagði árafjöldi fangelsisdóma var árið 2013 eða 423 ár (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Bið eftir afplánun í fangelsi er staðreynd á Íslandi (Pakes og Gunnlaugsson, 2018). Árið 2017 biðu 618 einstaklingar eftir afplánun en í ágúst árið 2018 hafði þeim fækkað í 527 einstaklinga. Áhersla hefur verið lögð á að einstaklingar geti lokið afplánun utan fangelsis með samfélagsþjónustu og undir rafrænu eftirliti. Hjá flestum hefst afplánun innan eins árs og munu margir sem eru að biða, afplána með samfélagsþjónustu. Dómar um 85% einstaklinga á biðlista eru eitt ár eða minna. Af biðlistanum fara fyrstir inn í afplánun einstaklingar sem hafa framið alvarlegustu brotin. Að sögn Páls Winkel

fangelsismálastjóra er stefnt að því að 50 – 100 einstaklingar verði á biðlista en þar sem áherslur á tiltekna málaflokka eru sveiflukenndar, eru sveiflur í þyngingu refsinga og því er erfitt að gera áætlun sem stenst alveg (Jóhann Bjarni Kolbeinsson, 2018a).

Fangelsisstefna er ekki brýnt mál á Íslandi og sést það best á því að árið 2012 voru lögð drög að nýjum hegningarlögum en þau tóku ekki gildi fyrr en 4 árum seinna eða árið 2016. Helstu breytingar sem miðuðu að styttingu biðlistans eftir afplánun voru að yngri fangar fengju fyrr lausn og rafrænt eftirlit yrði aukið (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun sagði í umsögn um lögina að í þau vantaði það grundvallaratriði að öll úrræði um fangavistun væri í boði fyrir alla fanga. Fangar væru flokkaðir eftir brotaflokkum en frekar ætti að meta hvern og einn fanga út frá afplánunarleiðinni sem hann velur. Meiri líkur eru á að betrun fanga verði árangursríkari ef hvatar til að breyta um lífsstíl eru fleiri (Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun [Afstaða], e.d.-f). Nýjum opnum úrræðum og endurhæfingu í stað fangelsisvistar hefur fjölgað þar sem mikilvægt er að fangar aðlagist samfélaginu sem best aftur og brjóti síður af sér. Rannsóknir á slíkum úrræðum hafa sýnt að þau draga frekar úr endurteknum brotum (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

Viðmælandi 1: ... þessi endurhæfing fanga og svona... á auðvitað að byrja mikið fyrr... ef þú býður þeim þetta... þá eiga þeir eftir að taka þessu bara svona (smellir fingri)... og hérna en ég væri ekkert án mömmu....og ég er svo heppinn að eiga hana.

Viðmælandi 2: „... fyrir alla þá sem hafa brennt allar brýr af baki sér, það er vandamálið sem þeir sitja uppi með í dag, þúst að þeir hafa ekkert ... og fangelsiskerfið hefur ekkert íburði til að koma í stað fjölskyldunnar.“

Vísbendingar eru um að refsingar séu teknar alvarlega á Íslandi en jafnframt virðist viðhorf samfélagsins gagnvart afbrotum og afbrotafólki vera afslappað og trú á fangelsiskerfið eða réttarfarskerfið á Íslandi virðist ekki vera mikil. Það viðhorf að refsing skipti litlu máli hefur leitt til þess að fangelsin fá of lítið fjármagn. Fangelsin eru illa fjármögnuð, eru of lítil og samfélagslegur forgangur of lítill til að hægt sé að framfylgja jákvæðu og stöðugu fangelsiskerfi. Minni fjármunum er varið til velferðarmála á Íslandi og ríkisstjórnir hafa ekki mótað samfélagið eins og á öðrum Norðurlöndum. Jafnréttisviðhorf er sterkt á Íslandi og því hefur verið haldið fram að Ísland sé stéttlaust

ríki en ójöfn tekjuöflun sýnir annað. Íslendingar hafa sterkar hugmyndir um sjálfstæði og frelsi þó samfélagið sé þeim mikilvægt (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun innan velferðarkerfisins á Íslandi. Hugmyndin var að innan heilbrigðiskerfisins kæmi viðbótarþjónusta með tilkomu VIRK og hægt yrði að grípa snemma inn í aðstæður hjá einstaklingum sem af einhverjum orsökum detta út af vinnumarkaði með fjölbreyttum úrræðum. VIRK er í samstarfi við fjölmarga aðila bæði innan og utan heilbrigðiskerfisins. Úrræðin hjá VIRK duga þó ekki alltaf og þarf að vísa einstaklingum annað eins og til að mynda þeim sem glíma við mikil andleg veikindi. Að mati Guðleifar Birnu Leifsdóttur og Kristbjargar Leifsdóttur félags- og endurhæfingarráðgjafa er vímuefnavandi ekki áberandi hjá einstaklingum sem leita til VIRK. Sé sá vandi til staðar þurfi að klára meðferð við vímuefnaneyslu áður en þjónusta hefst hjá VIRK. Björk Vilhelmsdóttir félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá VIRK segir að VIRK beri ábyrgð á árangursríkri endurhæfingu og aðstoð við einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði. Skapa þurfi samfélag þannig að allir fái tækifæri, ekki síst einstaklingar sem eiga við margvíslega erfiðleika að glíma. Með því að sýna þessum einstaklingum umburðarlyndi og bjóða þá velkomna í nám og vinnu á þeirra forsendum ber hver og einn einstaklingur samfélagsins ábyrgð. Frá upphafi hafa 78% einstaklinga í þjónustu hjá VIRK útskrifast í atvinnuleit, hlutastarf, fullt starf eða nám og árið 2017 var hlutfallið 79% (VIRK, 2018).

Viðmælandi 1: „Það er enginn að fara að ráða mig í einhverja góða vinnu ... enginn... ég þarf bara að vinna fyrir sjálfan mig...“

3. Refsleiðir

Ber einstaklingur ábyrgð á eigin gjörðum? Hefur hann frjálstan vilja eða hefur samfélagið mótað hann með skilyrðum? Í afbrotafræði er talað um tvær leiðir eða stefnur í sambandi við refsingar þar sem annars vegar er gert ráð fyrir ábyrgð sakamannsins en hins vegar ekki. Í klassíska sjónarhorninu (e. classical school) leggja Jeremy Bentham og Cesare Beccaria áherslu á að einstaklingur hafi frjálstan vilja, þar sem hann velur á milli þess að læra af refsingunni eða brjóta endurtekið af sér og vera þar með ábyrgur gjörða sinna. Í póstítífiska skólanum (e. positivist school) er áhersla lögð á þá þætti sem móta einstaklinginn; sálræna, félagslega og líffræðilega þætti. Þar með ber einstaklingur ekki fulla ábyrgð og refsing ætti því ekki að vera harkaleg. Endurhæfing fangans fælist meðal annars í vímuefna meðferð og menntun. Í vestrænum réttarkerfum eru aldur eða sjúkleiki einu þættirnir sem bera má við ósakhæfi (Magnús Einarsson, 2011).

Viðmælandi 2: Ég átt alveg skilið að fara í fangelsi fyrir það sem ég gerði... og ég átti alveg skilið að sitja inni allan þennan tíma sem ég gerði sko... ég er þínu gamaldags með þessa hugsun sko, það á ekki að láta neinn fá eitthvað sem að... ég er alveg á því að það á ekki að láta neinn fá eitthvað sem hann á ekki skilið... Þú þarft að vinna þér inn traust fyrir mig sko... og þegar þú ert búin að vinna þér inn traust þá mun ég gefa þér eitthvað aðeins meira.

Hlutverk Fangelsimálastofnunar ríkisins er að sjá um fullnustu refsinga en er heimilt að fela öðrum umsjón með þeim sem eru undir rafrænu eftirliti eða afplána dóm með samfélagsþjónustu. Þegar ákvörðun er tekin um hvar afplánun skuli fara fram skal taka tillit meðal annars til kynferðis, aldurs, brotaferils, þyngdar refsingar og búsetu fangans. Heimild er til að vista fanga að hluta eða allan refsitímamann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun (Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016).

Viðmælandi 2: Svo sat ég inni, byrjaði á Litla Hrauni. Ég byrjaði, ég var í einangrun í þrjá mánuði.... Sem er með því lengsta sem gerist.... las Halldór Laxnes eins og hann lagði sig.... þá fer ég ... niðrá Skólavörðustíg.... þetta eru mín fyrstu kynni af fangelsi sko, það er bara mín fyrsta fangavist.

3.1 Framkvæmd refsinga

Þegar dómur er kveðinn upp yfir einstaklingi er mikilvægt að dómarrar geri sér grein fyrir ólíkum tegundum dóma. Það sem greinir á milli dóma er lengd refsingar og tegund refsingar. Einnig skiptir máli hvaða afplánunarmöguleikar eru í boði. Dómar sem

kveðnir eru upp á Íslandi eru: óskilorðsbundinn dómur, skilorðsbundinn dómur, blandaður dómur, rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta og fésekt (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

Óskilorðsbundinn dómur þýðir að einstaklingur skuli sitja af sér refsítímann í fangelsi. Stysti fangelsisdómur sem hægt er að fá í fangelsi eru 30 dagar en lengsti dómur er ævilöng fangelsisvist. Þegar óskilorðsbundinn dómur er afplánaður er hægt að sækja um reynslulausn. Ef einstaklingur fyllir upp í ákveðin skilyrði getur hann fengið að afplána allt að 12 mánaða dóm með samfélagsþjónustu (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

Hægt er að ákveða að fresta í ákveðinn tíma fullnustu refsinga. Einstaklingurinn fær þá ekki fangelsisvist en er bundinn þeim skilyrðum að gerast ekki sekur um nýtt brot á skilorðstíma. Frekari skilyrði er hægt að setja einstaklingi sem afplánar skilorðsbundinn dóm sem svipar til skilyrða reynslulausnar (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

Blandaður dómur er þegar hluti refsítímans er óskilorðsbundinn og hluti refsítímans er bundinn skilorði. Í tilfellum sem þessum eiga einstaklingar ekki rétt á reynslulausn (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

Ef fangi uppfyllir kröfur um rafrænt eftirlit getur hann lokið afplánun sinni á eigin heimili eða öðrum dvalarstað sem samþykktur hefur verið. Þá er honum gert að ganga með ökklaband. Á þann hátt er hægt að fylgjast með öllum ferðum einstaklingsins. Þær reglur sem þarf að fylgja á rafrænu eftirliti eru meðal annars þær að stunda nám eða vinnu eða sinna annars konar verkefnum sem sett eru á virkum dögum. Á kvöldin og á næturnar eða frá klukkan 23:00 til 07:00 á morgnanna ber honum að halda sig á samþykktum dvalarstað. Um helgar er útivistartíminn frá klukkan 07:00 til klukkan 21:00 (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-j).

Samfélagsþjónusta er starf sem unnið er tímabundið og ólaunað. Hægt er að taka út óskilorðsbundnar refsingar og vararefsingar fésektar með samfélagsþjónustu að uppfylltum skilyrðum Fangelsismálastofnunar (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-l).

Ein tegund refsinga er fésekt. Þá þurfa einstaklingar að greiða sekt fyrir brot sitt. Ef þeir greiða ekki sektina er vararefsingin fangelsisvist (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-b).

4. Fangelsi

Viðmælandi 1: „... þú verður náttúrulega harður í fangelsi ...“

Refsing og einangrun fanga er oft talin takast vel í fangelsum með þjónustuhlutverki fangelsis gagnvart samfélaginu sem felst meðal annars í því að: vara aðra við, einangra sakamenn frá umhverfinu, veita föngum makleg málagjöld og réttláta refsingu og gera þá að löghlýðnum samfélagsþegnum með endurhæfingu. Ekki eru allir sammála um hvort endurhæfing í fangelsum kemur í veg fyrir endurtekin brot (Magnús Einarsson, 2011). Fullyrt hefur verið að í grundvallaratriðum séu refsingar á Norðurlöndum „betri“ en í öðrum löndum. Á Íslandi eru mjög lítil fangelsi, glæpatíðni lág og dómar yfirleitt vægir. Það veitir svigrúm til að skapa jákvætt refsikerfi (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Samkvæmt *Lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga* eru fangelsi, fangi, afplánun og afplánunartími skilgreind sem; fangelsi er stofnun þar sem einstaklingar eru vistaðir í gæsluvarðhald eða til að afplána refsingar; fangelsi skiptast í opin fangelsi og lokuð fangelsi þar sem öryggisstig er mishátt; fangi er einstaklingur sem sætir gæsluvarðhaldi, afplánar vararefsingu fésektar eða fangelsisrefsingu; afplánun er vistun innan eða utan fangelsa vegna afplánunar vararefsingar, fésekta eða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar; afplánunartími er tíminn sem einstaklingur afplánar refsingu (*Lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016*).

4.1. Áhrifaþættir á afbrotahegðun

Viðmælandi 1: „... Þú fæðist ekkert sem róni ...“

Athyglisbrestur og ofvirkni (Attention deficit hyperactivity disorder, ADHD) er taugasálfræðilegur sjúkdómur sem er algengur meðal barna og varir oft og tíðum fram á fullorðinsár. ADHD er á þessum tímamarki einn algengasti fjölkvilli, bæði hjá almenningi og hjá fólki með vímuefnatengda röskun. Konstenius o.fl. (2017) vitnuðu til rannsóknar sem gerð var árið 2009, en niðurstöður hennar gáfu til kynna að ADHD hafi fylgni við áhættuhegðun einstaklinga, neikvæða lífsreynslu, námsörðugleika og auknar líkur á dauðsföllum (Konstenius o.fl., 2017). Rannsóknir hafa gefið til kynna að ADHD sé til staðar hjá um 25-45% fanga samanborið við 2-5% fullorðinna einstaklinga almennt. Mótþráþrjóskuröskun er hegðunarvandi sem þróast oft samhliða ADHD í æsku (Ginstbert, Hirvikoski, Grann og Lindefors, 2012) og lýsir röskunin sér í hegðunarvandamálum á borð við ögrun, stjórnleysi, reiði og hefndargirni (Ævar Þórólfsson, 2004). Til eru tilfelli þar sem að röskunin greinist í ungum einstaklingum (Ginstbert o.fl., 2012).

Þegar skoðuð eru rannsóknargögn um börn sem upplifað hafa áföll, misnotkun og vanrækslu eða hafa sýnt af sér afbrotahegðun, gefa niðurstöður til kynna að hver einstök reynsla auki líkurnar á að einstaklingur verði alvarlega ofbeldishneigður og brjóti endurtekið af sér um 35 ára aldur. Þetta er einnig niðurstaðan þegar stjórnað er fyrir öðrum áhættuþáttum fyrir afbrotahegðun (Fox, Perez, Cass, Baglivio og Epps, 2015). Hafi fólk upplifað andlega, líkamlega og/eða kynferðislega misnotkun í æsku eykur það líkurnar á að það þrói með sér geðræn vandamál á fullorðinsárunum, s.s. kvíða, þunglyndi og ýmis önnur sálfræðileg- og líkamleg vandamál (Rehan, Antfolk og Johansson, 2016). Fox o.fl. (2015) vitnuðu til rannsóknar Maxfield and Wisdom's (1996) á misnotkun á börnum. Niðurstöður hennar gáfu til kynna að áhrif áfalla í æsku auki líkurnar á afbrotum á unglingsárum um allt að 200%. Aðrar rannsóknir gefa til kynna að börn sem beitt hafa verið hvers kyns ofbeldi í æsku séu líklegri til að beita ofbeldi en börn sem ekki upplifðu ofbeldi. Í rannsókn Rochester Youth Development voru börn sem upplifðu illa meðferð mun líklegri til að fremja ofbeldisfull afbrot á aldrinum 14-18 ára (Fox o.fl., 2015).

Viðmælandi 1: Og allir þessir gæjar koma frá einhverskonar brotnu heimili... og hérna, eða að þeir hafa verið misnotaðir... og síðan eru hérna bara, bara sko röð atvika sem að, sem að breyta þér... og koma þér annað hvort í þessa átt... eða þessa átt... og það gerist bara á meðan þú ert að ganga í gegnum þitt uppeldi....

4.2. Fangelsismálastofnun

Fangelsismálastofnun ríkisins gegnir því mikilvæga hlutverki að reka fimm fangelsi (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-h). Á Akureyri er fangelsið staðsett á lögreglustöðinni á Akureyri og þar er aðstaða fyrir 10 fanga (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-c). Kvíabryggja er staðsett á Snæfellsnesi og þar geta 23 fangar afplánað í einu (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-f). Fangelsið Litla Hraun er staðsett á Eyrarbakka og getur hýst allt að 87 fanga (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-e).

Fangelsið Sogni er opið fangelsi sem staðsett er í Ölfusi og getur hýst 22 fanga (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-g). Nýlegasta fangelsið er fangelsið Hólmsheiði sem er staðsett við Nesjavallaleið í Reykjavík og getur hýst 56 fanga. Þar eru gæsluvarðhaldsdeildir, kvennadeildir og svo almennar deildir (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d). Fangelsið að Hólmsheiði var tekið í notkun árið 2016 og var byggt til að stytta biðlistann eftir afplánun. Með tilkomu fangelsisins er hægt að vista 196 fanga á öllu landinu í einu (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga samkvæmt þeim reglugerðum sem settar eru og eftirlit með þeim aðilum sem afplána dóma skilorðsbundið, eru á reynslulausn eða vegna frestunar á afplánun dóma. Mikilvægt er að tryggja fullnustu refsinga og að refsingarnar séu framkvæmdar með öruggum hætti en einnig er stefna og markmið stofnunarinnar að draga úr endurkomutíðni og ítrekun brota með aðlögun einstaklingsins að samfélaginu eftir afplánun (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-h).

Viðmælandi 1: ... byrja að vinna með einstaklinginn... Bara aðlaga hann. Koma honum aftur í... út í lífið sko... og þess vegna hef ég oft spáð í því... bara vilja þeir hafa þetta svona?... það er eins og þeir vilji bara ekki hjálpa, vilji bara hafa þessa rútínu áfram...

4.2.1. Opin fangelsi

Það sem einkennir opin fangelsi er að þar er engin sérstök deildaskipting og fangar ekki læstir inni í herbergjunum sínum á næturnar. Þar eru útvistarsvæði fanga ekki afgirt og heimsóknir til fanga fara ekki fram í sérútbúnum herbergjum, heldur geta gestir eytt tíma sínum með föngum inni á herbergjum þeirra. Í opnum fangelsum hafa fangar aðgengi að Interneti og betri aðgang að sínum (Þingskjal 1153/2015. Svar innanríkisráðherra).

Í samráði við Fangelsismálastofnun getur forstöðumaður fangelsisins ákveðið að fangar stundi vinnu utan fangelsisins og fangaverðir eða aðrir valdir aðilar sjá þá á meðan um eftirlit fanga (Lög um fullnustu refsinga nr. 25/2016).

4.2.2. Lokuð fangelsi

Það sem einkennir lokuð fangelsi á Íslandi er að þeim er skipt upp í deildir og fangar eru læstir inni í fangaklefunum sínum á næturnar. Í lokuðum fangelsum afmarka girðingar þau svæði sem fangar hafa afnot af utan dýra og girðingarnar þannig hannaðar að þeir geti notið útsýnis. Þar eru einnig sérútbúin heimsóknarherbergi þar sem heimsóknir til fanga fara fram (Þingskjal 1153/2015. Svar innanríkisráðherra).

4.3. Opinber þjónusta sem er í boði í fangelsum á Íslandi

Fangelsin hér á landi bjóða upp á ýmisskonar þjónustu. Samkvæmt starfsmannskrá á aðalskrifstofu Fangelsismálastofnunar starfa þar þrír félagsráðgjafar sem allir eru konur, þrír sálfræðingar þar af einn karl og einn karl er meðferðarfulltrúi. Enginn geðlæknir er skráður til starfa hjá Fangelsismálastofnun samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-m).

Viðmælandi 1: „Að það sé ekki einusinni einn geðlæknir hjá Fangelsismálastofnun.“

Viðmælandi 2: Í mínu máli þá beið ég í 6 mánuði eftir að hitta geðlækni sko... og þegar ég hitti geðlækninn svo loksins þá sagði hann: Hérna, hvað vildiru svo ræða við mig? Ég sagði: það er búið að dæma í málinu mínu... ég þarf ekkert að ræða við þig... ég vildi hitta þig fyrir 6 mánuðum síðan...

Félagsráðgjafarnir sjá um öll fangelsin og eftirlit með reynslulausn. Verkefni þeirra eru margvísleg en ganga einna helst út á ráðgjöf, fræðslu, samskipti við ýmsar stofnanir og eftirfylgni. Einstaklingar í afplánun geta pantað tíma hjá þeim með því að fylla út eyðublöð sem staðsett eru inni á varðstofu fangavarða. Fangar geta leitað til lækna eða hjúkrunarfræðinga og sækja þeir um þá þjónustu með útfyllingu eyðublaða. Það fer þó eftir stærð fangelsisins hve mikið aðgengi þeirra að þessari þjónustu er, en ef um neyðartilvik er að ræða þá geta þeir farið á næstu heilbrigðisstofnun í fylgd fangavarða (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-n).

Verkefni þeirra sálfræðinga sem starfa við fangelsin felast í að sinna 600 einstaklingum, hvort sem þeir eru í afplánun eða á reynslulausn. Einnig vinna þeir áhættumat vegna reynslulausnar og umsókna fanga inn á Vernd (Björn Þorfinnsson og Ragna Gestsdóttir, 2019). Í áhættumati felst að huga að hagsmunum almennings með því að meta hvort samfélaginu stafi ógn af einstaklingnum. Markmiðið með sálfræðiþjónustunni er meðal annars að veita föngum stuðning og huga að andlegri heilsu þeirra en einnig að vinna með þá áhættuþætti sem taldir eru ýta undir það að einstaklingurinn haldi áfram að brjóta af sér eftir afplánun. Einungis einn sálfræðingur er með fasta viðveru en hann er staðsettur á Litla Hrauni (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-n).

Viðmælandi 1: „Það skiptir svo miklu máli að geta valið þér rétta sálfræðinginn.“

Viðmælandi 2: Það þarf mun meiri þjónustu frá sálfræðingum... meiri þúst... það þarf geðlæknaþjónustu þarna... númer 1,2 og 3... og það þarf náttúrlega að vera hjúkrunarfræðingur og læknir og þú átt ekki að þurfa að þúst að.... Ef það er eitthvað mein að þér þá áttu ekki að þurfa bíða eftir að fá að koma til læknis.... Petta á bara að vera til staðar.

Þrátt fyrir smæð íslenskra fangelsa hefur ekki tekist að koma í veg fyrir sjálfsvíg innan þeirra veggja. Orsökina má meðal annars finna í ófullkominni þjálfun starfsmanna

og skorti á sálfræðiþjónustu. Til að fangelsiskerfi sé betrandi og öruggt, verður fjármagn, framtíðarsýn, sál- og félagsfræðileg sérfræðiþjónusta að vera til staðar (Pakes og Gunnlaugsson, 2018). Árið 2017 svipti fangi sig lífi í fangelsinu á Akureyri. Umræða um geðheilbrigðismál fanga varð mikil eftir að sambýliskona fangans skrifaði pistil árið 2018. Sama ár skrifar móðir um sjálfsvíg 21 árs sonar síns árið 2007 og segir hún að þó þörfin hafi verið brýn, hafi sonurinn aldrei rætt við geðlækni eða sálfræðing meðan hann sat í afplánun. Fanginn átti við misþroska að stríða. Í febrúar 2018 svipti fangi sig lífi á Kvíabryggju, sá fangi átti við margvíslegan geðrænan vanda að stríða og var úrskurðaður ósakhæfur vegna geðklofa. Sálfræðiþjónustan sem honum var boðið upp á var viðtal í gegnum tölvuforritið *Skype*. Í Janúar 2019 svipti 44 ára fangi sig lífi á Litla Hrauni. Hann átti við langvarandi fikniefnavanda að stríða. Þetta var sjöunda sjálfsvígið síðan árið 2001 og það þriðja á tæpum tveim árum. Samkvæmt doktorsritgerð Boga Ragnarssonar hafði um þriðjungur reynt sjálfsvíg og 54 – 69% fanga í íslenskum fangelsum glímdu við þunglyndi árið 2013 (Björn Þorfinnsson og Ragna Gestsdóttir, 2019).

4.4. Nám og atvinna í fangelsum á Íslandi

Viðmælandi 1: „... skiluru, ég var bara fyrirmyndar fangi... og ég fékk bestu vinnuna og... og þetta eru fríðindi, þú verður að taka eftir því sjálfur...“

Markmið og hlutverk ríkisins í fangelsismálum endurspeglar muninn á norskum og íslenskum fangelsum. Kerfið á nokkurn veginn að sjá um sig sjálft á Íslandi, ríkið hefur ekki sett mark sitt á það með fjármagni og framtíðarsýn. Mikill metnaður er lagður í endurhæfingu með framlagi ríkisins í Noregi. Það sem íslenska ríkið getur tekið sér til fyrirmyndar frá Noregi er lögbundin, fjárhagsleg skuldbinding við fangelsiskerfið (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Viðmælandi 1: „... já og, og sko þú verður alltaf að betra þig sjálfur... það kemur engin breyting og það verður engin breyting hérna í fangelsunum skiluru, fyrr en að þeir sko ... opna þetta“

Mikilvægt er að efla námsframboð iðngreina innan fangelsanna þar sem það getur veitt föngum betri atvinnutækifæri eftir afplánun. Aukinn öku- og vinnuvélaréttindi veita líka aukin atvinnutækifæri (Afstaða, e.d.-c). Að mati viðmælanda 1 þá eiga einstaklingar engan möguleika á að koma með neitt út í samfélagið eftir afplánun:

...eins og með menntunina og allt þarna inni og svona. Getur ekkert lært neitt. Getur ekkert komið út með neitt! Þúst ég er búinn að segja það í, í, mörg ár þúst. Það bara á náttlega að bjóða bara uppá námskeið fyrir fangann skiluru....Vinnuvélaréttindi, allskonar suðunámskeið þúst og, og aa, alla þessa hluti....

Fjölbrautaskóli Suðurlands sér um kennslu fyrir fanga sem afplána á Sogni og Litla Hrauni. Þar geta fangar lært stærðfræði, ensku, íslensku og íþróttir. Á Litla Hrauni er tölvustofa þar sem þeir sem stunda fjarnámi geta sinnt náminu sínu. Árangur er oft góður að mati kennara sem sinnt hafa kennslunni en þeir sem stunda nám á meðan á afplánun stendur eru í flestum tilvikum aðilar sem hætt hafa í skóla vegna námsörðugleika og hafa þörf á sérkennslu. Fangar eru hvattir til að stunda nám og þeir sem stunda námið hafa sóst eftir því sjálfir. Brottfall úr náminu er mikið hjá föngum af margvíslegum ástæðum. Ýmislegt getur komið upp innan fangelsisins og því getur það reynst föngum erfitt að halda sér við efnið. Einnig er mjög misjafnt milli einstaklinga hvort þeir ljúki náminu ef afplánuninni líkur fyrir námslok þó dæmi séu til um slíkt (Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2015). Aðspurður hvort það hafði áhrif á aðra fanga að hann fór í nám, svaraði viðmælandi 2:

...kannski opnaði ég einhverjar rásir fyrir fólk að fara í gegnum sko...en það var engin holskefla á eftir mér, þeir þurftu ekkert að hafa áhyggjur af því að það þyrfti að senda heila rútu af föngum sko... en aftur... þú verður að sækjast eftir því og sýna fram á að þú getir það... en þú sendir ekki einhvern sem vill ekki gera eitthvað og lætur hann gera það.

Í löndum sem Íslendingum er gjarnt að bera sig saman við, eins og Noregi og Danmörku, eru framleiddar fjölbreyttar vörur í fangelsum bæði úr járni og timbri sem eru svo seldar bæði í verslunum fangelsanna og á vefverslunum. Á Litla Hrauni er aðstaða sem hægt væri að nýta í kennslu í grunnnámi til málm- og tréiðnar þar sem þar eru til staðar bæði trésmíðaverkstæði og járnsmíðaverkstæði (Afstaða, e.d.-c).

Viðmælandi 2: ... hvað á ég að segja svo þegar ég er búinn að vera á Hrauninu í svona tvö... þrjú ár.... Þá var ég kominn í svona mjög fasta rútinu sko.... ég byrjaði að vinna í Hellugerðinni.... Svo fór ég á trésmíðaverkstæði.... svo fór ég var eitt sumar að mála og eitthvað að dúlla mér'anna... útivinnu bara... ég hafði það bara fint sko.

Á Litla Hrauni hefur verið komið á samstarfi við Listaháskóla Íslands. Þar eru framleiddar hönnunarvörur fyrir nemendur skólans. Meðal þess sem framleitt er eru klukkur, leikfangabílar, taflborð og sippubönd. Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður á

Litla-Hrauni segir það hafa verið auðvelt að fara út í þetta samstarf þar sem markmið þess sé meðal annars að auka ánægju fanganna og starfsgetu þeirra og vonandi verði það til framtíðar (Davíð Roach Gunnarsson, 2019). Í dag eru á Litla Hrauni framleiddar númeraplötur á allar bifreiðar á Íslandi. Komið hafa fram hugmyndir að gera fangelsið leiðandi í endurvinnslu plasts og raftækja sem og moltugerð. Plastið yrði þá notað í þrívíddarprentun. Nú þegar er samstarf við Gámþjónustuna um niðurrif og endurvinnslu raftækja (Afstaða, e.d.-c).

Á Íslandi eru 22% rýma fyrir fanga í opnum úrræðum. Í Noregi, þar sem endurkomutíðni er lægst, fer þeim fjölgandi en þau eru nú þegar um 40%. Þar er einnig áhersla á að vistmenn sjái um sig sjálfir og búi í smærri einingum. Breyta þarf 47. gr. *Laga um fullnustu refsinga* svo að fangar geti unnið meira utan fangelsis. Á Sogni eru náms- og atvinnuhugmyndir utan fangelsis þó nokkrar, sem dæmi að byggja smáhýsi á Sogni sem fæli í sér nám í húsasmíði og þar með væri auðveldara að komast á samning. Nám í matreiðslu- og bakaraiðn þar sem nemendur sæju um máltíðir fangelsisins. Fangar myndu svo taka bóklega hluta námsins við Fjölbautaskóla Suðurlands. Ýmsir atvinnumöguleikar eru varðandi þjónustu og landbúnaðarstörf (Afstaða, e.d.-e). Á Sogni er gróðurhús, matjurtaræktun, hæsnahald og silungseldi sem fangar skiptast á um að sinna. Fangarnir sjá líka um umhirðu utanhúss og halda umhverfinu snyrtilegu. Auk þess sjá fangarnir um að sinna daglegum þörfum sínum sjálfir eins og þvottum og þrifum. Mikið framfaraskref felst í betrun fanga með opnum fangelsum. Góð og ábyrg hegðun ásamt því að fylgja settum reglum eru skilyrði fyrir því að komast í opið fangelsi. Vistin á Sogni er mislöng og eftir að henni lýkur fara flestir á Vernd og sækja þaðan vinnu. Einnig eru tilfelli þar sem afplánun lýkur undir rafrænu eftirliti (Þórunn Kristjánsdóttir, 2014).

Í fangelsinu á Akureyri eru takmarkaðir námsmöguleikar þó aðstaðan til þess sé góð því enginn þjónustusamningur er við framhaldsskólana í bænum. Fangar geta þó stundað fjarnám við Háskólann á Akureyri. Nám er þó eiginlega það eina sem er í boði í fangelsinu því takmarkaðir atvinnumöguleikar og atvinnuaðstaða eru í fangelsinu á Akureyri. Helst hefur verið samstarf við Olís/Ellingsen um grillsamsetningu og lóðaslátt fyrir opinberar stofnanir á sumrin. Fangar hafa líka séð um þrif á bifreiðum heimahjúkrunar í bænum. Um tíma voru unnir þar smærri minjagripir sem voru seldir í verslunum. Árið 2014 var farið í tilraunaverkefni í fataflokkun Hjalpræðishersins tvisvar í viku. Hafði verkefnið marga jákvæða þætti í för með sér, meðal annars að vinna undir leiðsögn. Allir fangar sem tóku þátt voru sammála um hve jákvætt það væri en því hefur nú verið hætt. Að framangreindu má sjá að þörfin er mikil á Akureyri og því er

nauðsynlegt að fá framhaldsskólana, fyrirtæki eða félagasamtök á Akureyri í samstarf til að mæta þörf fanganna hvað varðar nám og atvinnu (Afstaða, e.d.-a).

Þrátt fyrir að fangelsi sé lokað er hægt að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi fyrir fanga eins og sést í Noregi og Danmörku. Áhersla er lögð á að bjóða upp á störf fyrir gæsluvarðhaldsfanga í nágrannalöndunum. Enn er óljóst hvernig verður með innra starf á Hólmsheiði en þar er gæsluvarðhald. Afstaða hefur mótmælt þeirri fyrirætlan að hafa kvennafangelsi á Hólmsheiði. Tillögur sem fram hafa komið um starfsemi á Hólmsheiði eru þrjóna- og saumastofa og prentsmiðja (Afstaða, e.d.-b). Aðstaða fyrir tómstundastarf og útivist er mjög góð. Fangar sinna ýmsum verkefnum eins og þrifum og matseld, útivinnu á lóð, bílaþvotti, ýmsum samsetningum og þökkun á verkstæði. Möguleiki er að stunda fjarnám undir leiðsögn námsráðgjafa. Reglulegir fundir með AA- samtökunum eru tvisvar í viku fyrir bæði karla og konur (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-d).

Kvíabryggja er annað opinna fangelsa á Íslandi. Á Kvíabryggju er þjónustusamningur við námsráðgjafa en ekki Fjölbrautaskóla Snæfellinga þó aðstaðan til fjarnáms sé góð (Afstaða, e.d.-d).

Viðmælandi 2: Það var einhvern veginn svo mikið frelsi þar að miðað við sko... þú veist, það var ekki allur þessi dauði tími sko... þurftir ekki að hanga fyrir framan tölvuna frá 10 á kvöldin til 8 á morgnanna og horfa á sjónvarpið. Þú varst ekki bara lokaður inná gangi. Þú gast farið út, gast farið í göngutúr.... svo plataði ég einn til þess að fara með mér í nám ég tók það þar, kláraði það.

Hægt væri að koma á námi í húsasmíði með byggingu smáhýsa eins og á Sogni. Grunnur að trésmíðaverkstæði er til staðar en þó skortir búnað. Einnig er kjörið að koma á fót námi í bakara- og matreiðsluiðn. Áhugi er á að kenna fiskveiðar og vinnslu og gera staðinn sjálfbæran með fisk. Síðan 2011 hefur verið haldið sauðfé og er fangelsið sjálfbært með kjöt, ull og afgangshey er selt. Grænmeti hefur verið ræktað á Kvíabryggju. Kvíabryggja stendur undir Kirkjufelli við Grundarfjörð á Snæfellsnesi. Komið hafa fram hugmyndir um að setja upp þjónustumiðstöð þar sem ferðamönnum væru seldar vörur sem framliddar væru í öllum fangelsum á Íslandi. Í þjónustumiðstöðinni yrði veitingastaður sem fangar í veitinganámi sæju um og gætu boðið upp á ferskan fisk og lambakjöt af staðnum (Afstaða, e.d.-d).

Viðmælandi 2: Ég held það væri betra að nýta aðstöðu eins og fangelsið á Kvíabryggju nei og eldhúsið á Kvíabryggju... ég meina... ég var þar. Ég lærði þúst að elda... Að nýta einhverja svona aðstöðu... þúst eins og þar er verkstæði og annað dótari og þúst akkuru ekki að nota það...

4.5. Norræna módelið

Samkvæmt Francis Pakes og Helga Gunnlaugssyni (2018) er gífurlegur munur á fangelsum á Norðurlöndum annars vegar og í enskumælandi löndum hins vegar, bæði hvað varðar stærð og umhverfi. Fullyrt hefur verið að í grundvallaratriðum séu refsingar á Norðurlöndum „betri“ en í öðrum löndum. Á Íslandi er glæpatíðni lág og dómur yfirleitt vægir. Það veitir svigrúm til að skapa jákvætt refsikerfi. Fangelsi á Norðurlöndunum eru mun minni og aðstæður betri en t.d. í Bretlandi (Pakes og Gunnlaugsson, 2018). Í Noregi er endurkomutíðni í fangelsi um 20%. Þar er áhersla á endurhæfingu innan veggja fangelsanna og fangelsin byggð þannig upp að endurkoma afbrotafólks og jaðarhópa út í samfélagið sé sem farsælust. Lífið í fangelsi á að vera eins eðlilegt og hægt er þar sem fangelsi er hluti af samfélaginu. Í Bretlandi eru fangelsi yfirfull og há endurkomutíðni eða um 45% innan tólf mánaða frá því að fangi losnar (Pakes og Holt, 2017).

Á Norðurlöndunum eru samskipti fangavarða og fanga ekki eins fjandsamleg. Þjálfun fangavarða er löng og nákvæm og starfsmenning þeirra miðar að endurhæfingu fanganna. Lykilatriði er að viðhalda eins eðlilegu lífi og hægt er með betrun til að undirbúa fangana fyrir endurkomu út í samfélagið aftur. Hver fangi hefur persónulegt rými og aðstæður til heimsóknna eru mun betri. Áhersla er á menntun og atvinnu. Besta dæmið um mannúðlegar hegningar á Norðurlöndunum eru tvö norsk fangelsi, annars vegar er það Halden fangelsið sem var tekið í notkun árið 2010. Þrátt fyrir að vera fangelsi með hátt öryggisstig er þar meðal annars hljóðupptökuver og fangar geta fengið maka og börn í heimsókn yfir helgar. Hins vegar er það Bastøy fangelsið á eyju í Oslóarfirði þar sem er rekinn búskapur með fjölbreyttan búfénað og fangarnir sjá um ferjuna til eyjarinnar (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Norræna módelið hefur hlotið gagnrýni þar sem aðstæður í fangelsum eru misjafnar og einnig hefur verið bent á opin fangelsi í Danmörku sem dæmi um mannúðlegar hegningar á Norðurlöndunum. Mörgum erlendum föngum er vísað úr landi í Noregi og það gæti verið vísbending um að norska fangelsiskerfið útiloki erlenda fanga. Föngum er að fjölga í Noregi þó enn sé hlutfallið lágt miðað við Evrópu en ekki miðað við hin Norðurlöndin. Árið 2014 var hlutfall fanga 72,8% í Noregi á hverja 100.000 íbúa á móti 47,3% á Íslandi. Þar eru fangelsin minni og því gæti náðst meiri árangur en í Noregi og því vert að rannsaka það vel. Lítil fangelsi hafa bæði galla og kosti. Kostirnir eru meiri líkur á persónulegum tengslum, vandamál eru fljótleyst og minni líkur á óreglu. Gallarnir eru skortur á sálfræði- og félagslegri þjónustu sem þýðir að þörfum fanga er ekki fullnægt. Fangelsin á Íslandi henta mjög vel fyrir einstaklingsmiðaða og óformlega

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

nálgun við fanga en skortir getu til að takast á við það. Fjármagn og stefnuleysi dregur úr möguleikum á menntun fyrir fanga (Pakes og Gunnlaugsson, 2018). Aðspurður hvort skortur sé á einhverju í fangelsum svarar viðmælandi 2:

já... heilsurækt.... Námsframboð... bara hreint og beint námsframboð.. og víkka fyrir... segja bara þið getið klárað þetta og síðan getiði bara farið í fjarnám. Það er ekki sami hluturinn því að stærsti hlutinn af strákum þarna inni hefur eeeenga getu til þess að sitja... og sjálfsaga til þess að sitja fyrir framan tölvu í 3 klukkutíma og horfa á fyrirlestur og fara síðan að læra.... en jújú við getum öll bætt allt en ef þú spyrð mig ... hvað við getum bætt ... þegar fangelsiskerfið fær ekki einusinni pening til að lifa og ... ég veit að árið 2001 þá voru 22 fangelsisplássum lokað af því að þeir höfðu ekki efni á að reka fangelsið... og þeir byggðu nýtt fangelsi? Til hvers?... og ég held að þetta verði alltaf fjársvelt stofnun... alveg sama hvað...

5. Lok afplánunar

Viðmælandi 1: ... og þetta gerist reglulega... það er einhver gæji sem fékk ekki sína hjálp og er að fara að drepa.... og hvað gerist skiluru? Honum verður bara sleppt út í gegnum hliðið og enginn er að fara að keyra hann í bæinn.... Hann getur alveg drepitð manneskju á leið í bæinn.

Í *Lögum* númer 15/2016 um fullnustu refsinga segir að fangar geti fengið leyfi hjá Fangelsismálastofnun til að fá að ljúka afplánun sinni, undir eftirliti á sérstakri stofnun eða á heimili með leyfi frá stofnuninni. Einstaklingurinn þarf þá að stunda nám eða vinnu sem samþykkt hefur verið af Fangelsismálastofnun (*Lög* um fullnustu refsinga, nr. 15/2016).

Einstaklingar sem fá eins árs dóm eða minna geta sótt um afplánun með samfélagsþjónustu og þeir sem eru yngri en 21 árs afplána þriðjung refsivistar inn í fangelsi. Til að losna fyrr þarf rafrænt eftirlit að koma til (Pakes og Gunnlaugsson, 2018).

Síðan 1990 hafa fjögur ný úrræði í stað fangelsisvistar komið til notkunar á Íslandi. Fyrsta kom árið 1990 með gerð áætlunar sem miðaði að því að fangar gátu lokið afplánun með sex vikna dvöl á meðferðardeild, ættu þeir við áfengis- og vímuefnavanda að stríða (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

Viðmælandi 1: „... ég var á meðferðarganginum... skiluru ég var edrú og vildi vera í meðferðinni.“

Viðmælandi 2: „... það átti að vera svona meðferðargangur... en gekk ekki upp því þar var organdi neysla.“

Annað úrræðið voru ný lög um samfélagsþjónustu árið 1995. Mögulegt var að sækja um samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar ef einstaklingur hlaut upp að þriggja mánaða óskilorðsbundinn dóm. Þetta var aukið upp að sex mánuðum árið 2008, níu mánuðum árið 2011 og upp að eins árs dómi í lögnum árið 2016. Að sinna samfélagsþjónustu í 40 klukkustundir jafngildir einum mánuði í fangelsi og þarf að ljúka þeirri vinnu innan tveggja mánaða. Rúmlega eitt hundrað einstaklingar hafa sinnt samfélagsþjónustu í stað þess að afplána í fangelsi á hverju ári síðustu ár. Þriðja úrræðið kom einnig til árið 1995 og var það að ljúka afplánun á áfangaheimilinu Vernd ef viðkomandi var búin að festa sér atvinnu eða stundaði nám. Fjórða úrræðið, rafrænt eftirlit, var innleitt árið 2012 og í lögnum frá 2016 er heimilt að ljúka afplánun tveggja ára óskilorðsbundins dóms undir rafrænu eftirliti síðustu fjóra mánuðina. Sem dæmi má nefna að einstaklingur hlýtur þriggja ára óskilorðsbundinn dóm og fær reynslulausn eftir átján mánuði. Hann byrjar á sjö mánaða refsivist í fangelsi, fer svo í fimm mánuði á

Vernd og loks sex mánuði með rafrænt eftirlit. Þannig getur þessi einstaklingur eytt meiri tíma með fjölskyldu, verið í námi eða stundað vinnu og aðlögun hans að samfélaginu ætti því að verða auðveldari (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

5.1. Reynslulausn

Viðmælandi 2: „Ég hérna hafði það tiltölulega gott sko... þegar ég fór út... fór... á Vernd og svo Vernd á hérna... á ökklabandið.“

Með reynslulausn er átt við þegar fangi hefur ekki lokið afplánun en er látinn laus til reynslu (Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016). Algengasti tími reynslulausnar er eitt til þrjú ár (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-k) nema dómurinn sé lengri en þrjú ár, þá er möguleiki á lausn til reynslu í allt að fimm ár. Einstaklingurinn er þá bundinn ákveðnum skilyrðum á meðan á reynslutíma stendur. Á þeim tíma má hann ekki gerast sekur um nýtt afbrot en auk þess er hægt að setja önnur skilyrði, sem dæmi að hann verði undir eftirliti Fangelsismálastofnunar eða beri búnað svo hægt verði að fylgjast með að hann fylgi þeim fyrirmælum sem honum hafa verið sett, að hann umgangist ekki ákveðna aðila og að hann neyti ekki fíkniefna eða áfengis (Lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016).

Viðmælandi 1: „... sko ég fæ náttúrulega fría sálfræðiþjónustu, þarna, eiginlega bara allstaðar skiluru, hvort sem er hjá félo eða fangelsismálastofnun eða eitthvað... bara útaf ég er bara ég og ég er á reynslulausn og, og svona.“

Einstaklingar sem eru að sitja af sér sinn fyrsta dóm fyrir brot á borð við að aka undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna, vörslu fíkniefna eða meðferð þeirra, þjófnað og fjársvik geta, eftir að hafa setið af sér helming refsitímans, sótt um reynslulausn. Ef brotið var framið þegar einstaklingurinn var undir 22 ára og framkoma og hegðun hans hefur verið til fyrirmyndar getur honum verið veitt reynslulausn eftir að hafa setið af sér þriðjung dómsins. Þeir einstaklingar sem sitja af sér dóm vegna alvarlegra brota á borð við kynferðisbrot, stórfelld fíkniefnabrot, stórfelldar líkamsárásir og manndráp geta sótt um reynslulausn eftir tvo þriðju hluta afplánunartímans. Þeir einstaklingar sem eru að sitja af sér í þriðja skiptið eða oftast fyrir brot sem teljast minniháttar þurfa einnig yfirleitt að sitja af sér tvo þriðju hluta refsitímans (Fangelsismálastofnun ríkisins, e.d.-k).

Viðmælandi 1: Þetta er líka annað vandamál í samfélaginu þar sem menn eru látnir safna endalaust á sig... til þess að...að safna í stóran pakka svo þeir fari inn í 3 ár eða 5 ár!... bara fara með þá beint fyrir dómara... og dómari á að dæma þá strax í úrræði!

5.2. Áfangaheimilið Vernd

Áfangaheimilið Vernd hóf starfsemi sína árið 1995. Árið 2012 höfðu um eitt þúsund manns lokið afplánun sinni þar. Á Vernd dvelja um fimmtán menn í einu en flestir sem þar dvelja eru í skammtíamavist (Vernd, e.d.-c). Þar eru 16 herbergi, átta einstaklings herbergi og átta tveggja manna herbergi (Vernd, e.d.-a). Markmiðið með vistun fanga á Vernd er að gefa þeim tækifæri á að aðlagast samfélaginu við lok afplánunar (Vernd, e.d.-b).

Sálfræðingur gerir áhættumat um hvort einstaklingurinn uppfylli þau skilyrði sem til þarf, til að ljúka afplánun sinni á Vernd og rita þarf undir samning þess efnis að hann samþykki gildandi skilyrði. Húsnefnd Verndar þarf að því loknu að samþykkja umsóknina en án samþykkis þarf fanginn að ljúka afplánun sinni í opnu eða lokuðu fangelsi. Brjótí hann sett skilyrði gæti hann einnig þurft að ljúka afplánun sinni í fangelsi (Vernd, e.d.-b).

Viðmælandi 2: „... en til dæmis ef þú hefur ekki Vernd, ef þú hefur ekki vinnu sem að hjálpar þér... þetta er frábært úrræði.“

Viðmælandi 1: ... ég hugsaði, hvað get ég gert til þess að breyta mér? Ég ætla að byrja að gefa rónum kaffi... og að afrugla mig, afhrauna mig... Þannig að ég fór í sjálfboðavinnu... og ég var að vinna við það...

5.3. Endurkomutíðni í fangelsi

De Waard (2017) segir mestar líkur á endurteknum brotum vera innan mánaðar frá fyrsta broti. Rannsóknir hafa sýnt að hægt er að draga úr afbrotum á áttaksvæðum (e. hotspot) og nærliggjandi svæðum með áttaksvæðanálgu (e. hotspots approach) þar sem ákveðnir íbúar eru undir eftirliti lögreglu. Löggæsla þriðja aðila (e. third party policing) er nálgun sem byggir á samvinnu lögreglu og íbúa. Þessi nálgun virðist einnig draga úr afbrotum. Lykilþættir áhrifaríkrar löggæslu eru nálganir með sértækar áherslur á tíma- og staðsetningu afbrots, afbrotamenn og fórnarlömb. Síðast en ekki síst þarf nákvæm afbrotagreining að fara fram. Slík greining segir til um orsakir, alvarleika og eðli afbrotsins. Í framhaldi af því er hægt að skoða möguleika á meðferðum og árangur þeirra (De Waard, 2017).

Í Ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árin 2009 – 2016 kemur fram að 46,4% eða 77 af 166 föngum sem luku afplánun árið 2016 höfðu áður afplánað fangelsisvist, árið 2014 var endurkomutíðni 34,6% í sömu skýrslu (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2018a). Þessi tala samræmist ekki samnorrænni skýrslu þar sem endurkomutíðni á Íslandi er sögð

20% árið 2014 og miðast það við endurkomu innan tveggja ára. Til samanburðar í sömu skýrslu er endurkomutíðni um 35% á öðrum Norðurlöndum nema Noregi (Fangelsismálastofnun ríkisins, 2018b).

Páll Winkel fangelsismálastjóri telur skýringuna vera markvissa stefnu í stigskiptri afplánun þar sem allir byrja afplánun í lokuðu fangelsi. Þaðan liggur leiðin í opið fangelsi svo á áfangaheimili og að lokum heim undir rafrænu eftirliti. Þannig öðlast fangar frelsi í ákveðnum skrefum og fá meiri aðstoð. Það eykur líkurnar á að þeir verði betur undirbúnir til að fara aftur út í samfélagið og taka virkan þátt í því. Páll sér fram á að á næstu árum munu fangelsin nýtast betur og biðlisti eftir afplánun stytast (Jóhann Bjarni Kolbeinsson, 2018b).

Í viðtalsþætti á Hringbraut (2018) gagnrýnir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, skýrsluna og segir þetta tveggja ára viðmið ekki lýsa íslenskum raunveruleika þar sem á Íslandi sé refsivörslukerfið mjög frábrugðið því sem er á hinum Norðurlöndunum. Einnig gagnrýnir Guðmundur fangelsið á Hólmsheiði þar sem hann segir allt vanta í innihald fangavistarinnar. Á hann þar við starfsþjálfun, menntamál og verknám. Guðmundur segir gott starfsfólk gera sitt besta en það nægi ekki og telur hann engan verða betri eftir afplánun þar. Þráinn Farestveit, framkvæmdastjóri Verndar tekur undir orð Guðmundar og segir að hlutfallslega færri fangar séu hæfir til að fá inni á Vernd þar sem mjög erfiðir einstaklingar séu í fangelsum. Guðmundur og Þráinn eru sammála um að endurkomutíðni sé hærri meðal kvenna en karla og aðeins 30% kvenfanga uppfylla skilyrði fyrir dvöl á Vernd. Margir þættir hafa áhrif á nákvæmar tölur um endurkomutíðni eins og samfélagsþjónusta, rafrænt eftirlit og erlendir einstaklingar sem hafa setið inni en flytja úr landi eftir afplánun. Að mati Þráins er stærsti vandinn veikindi fanga þar sem geðrænn vandi þróast samhliða alvarlegum fíknivanda mikils meirihluta fanganna (Hringbraut, 2018).

Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur segir í fréttaviðtali á RÚV (2019) að til að koma í veg fyrir ný afbrot þurfi bættu þjónustu fyrir fanga. Staða síbrotamanna sé mjög slæm og þeir glími við margskonar vanda, því er mikilvægt að þeir fái stuðning í formi ráðgjafar, náms og vinnu meðan á afplánun stendur. Eftir afplánun þurfa fangar fjárhagslegan stuðning og stuðning við húsnæðis- og atvinnuleit til að aðlagast samfélaginu (Kristín Sigurðardóttir, 2019a).

6. Betrun

Samkvæmt *Lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga*, er betrun skilgreind sem eftirfarandi: „Það sem miðar að því að gera fanga kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi“. Telji sérfræðingar það nauðsynlegt skal Fangelsismálastofnun gera meðferðaráætlun í samvinnu við fanga eftir að afplánun hefst og endurskoða á afplánunartímanum. Fangi skal eiga kost á námi og starfsþjálfun. Fangelsismálastofnun getur veitt leyfi til náms, verkmenntunar eða starfsþjálfunar síðasta ár afplánunar en slíkt leyfi er háð samfelldri fimm ára fangelsisvistun. Meðal þess sem taka skal tillit til áður en þetta leyfi er veitt er afbrot, saka- og afplánunarferill og hegðun og nýting meðferðarúrræða hjá fanganum (*Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016*).

Meðan á fangelsisvist stendur á iðrun fangans að vera grundvöllur betrunar og endurhæfingar. Endurhæfing felst oft í vímuefna meðferð, ráðgjöf, starfsþjálfun og menntun. Misjafnar skoðanir eru um hversu vel tekst til þar sem talið er að afbrotahneigð aukist í fangelsi, þar sem skortir neikvæð viðhorf til afbrota (*Magnús Einarsson, 2011*).

6.1. Samskipti við fanga

Fangaverðir fá grunnþjálfun sem meðal annars felst í siðfræði og mannréttindum, sálfræði og afbrotafræði. Með tímanum hefur áherslan í þjálfun verið lögð á samskipti og umhyggju. Stuðst er við siðfræði Norrænu fangavarðasamtakanna þar sem segir að umhyggja, umsjá og mannúðleg samskipti séu forgangsatriði í starfi fangavarða. Markmið fangavarða sé ætíð að bæta við þekkingu sína (*Pakes og Gunnlaugsson, 2018*).

Alls konar tilfinningar bærast með einstaklingum þegar þeir koma inn til afplánunar. Þetta eru tilfinningar eins og einmanaleiki, sjálfsásökun og ásakanir og jafnvel hefndarhugur gagnvart öðrum. Lífsramminn þrengist verulega, takmörkuð samskipti við nánustu einstaklinga og þolinmæðisþráðurinn styttest. Það krefst andlegs styrks að takast á við afplánun, horfast í augu við sjálfan sig og eigið líf. Ekki verður komist hjá mannlega þættinum í samskiptum fanga og fangavarða og yfirleitt eru það góð samskipti. Samskipti milli fanga eru undir þeim sjálfum komin og geta haft áhrif á einstaklinga eftir afplánun bæði til góðs og hins verra. „Fangelsi er ekki endastöð“ (*Hreinn S. Hákonarson, 2019*).

Viðmælandi 1: „...skiluru ég er í fangelsi... allt sem ég hef að gera er bara gott...“

Fangar geta kosið sér talsmann sem kemur fram fyrir þeirra hönd og vinnur að málefnum þeirra. Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun var stofnað 2005. Markmið félagsins er að gera endurkomu fanga út í samfélagið sem farsælasta með því að hvetja fanga til að halda í sýnileg markmið meðan á afplánun

stendur. Afstöðu er einnig umhugað um fjölskyldur og vini fanga og veitir aðstoð eftir því sem kostur er til dæmis með fræðslu um orsakir og afleiðingar fangavistar og fangelsi. Með hliðsjón af tilhögun afplánunar í Danmörk og Noregi voru settar fram tillögur að framgangi og betrun í fangelsiskerfinu á Íslandi í október 2014. Markmið tillagnanna var fækkun vímuefnaneytenda í afplánun, uppbygging einstaklinga og að fækka endurkomum í fangelsi. Meðal annars voru tillögur um að afplánun yrði undir rafrænu eftirliti ef dómur vegna fyrsta brots væri undir tveimur árum. Ef dómur vegna fyrsta brots væri undir sjö árum færi afplánun fram í opnu úrræði að uppfylltum skilyrðum, að fangar hafi félagsráðgjafa úr sínu sveitarfélagi sem getur fylgt honum eftir, eftir afplánun og aðstoðað við að nýta úrræði sem fanganum bjóðast (Afstaða, e.d.-g).

Menntun er mikilvægur þáttur daglegs lífs meðan á afplánun stendur og því ætti þjálfun og menntun að vera þáttur í stjórnun fangelsis. Neikvæð reynsla af skóla er algeng meðal fanga og hefur áhrif á trú þeirra á eigin námsgetu. Trú á eigin getu snýst um hvernig einstaklingur skynjar sjálfan sig og hvort hann geti ráðið fram úr ákveðnu verkefni í ákveðnum aðstæðum. Trú á eigin námsgetu er meiri hjá þeim sem hafa ekki aðra dóma að baki. Mögulega hefur lengd dóma og afplánunartími, ásamt öðrum þáttum fangelsisvistar áhrif á trú á eigin getu. Fangar eru líklegri til að mennta sig ef þeir afplána langa dóma. Menntun í fangelsi minnkar líkur á endurteknum brotum og eykur líkur á að komast á vinnuþéttum eftir afplánun (Asbjørnsen, Manger og Roth, 2016).

Viðmælandi 2: ...gerði nokkrar heiðarlegar tilraunir til að, strax í byrjun þúeist til að taka sig á.... Ooooooog já og sooo fór ég í skóla.... kláraði stúdent.... og ég get svo sem alveg viðurkennt að að ég fékk sko meira heldur en margir aðrir sko... af því mér var alveg treystandi sko....

Án hæfni og þekkingar er aukin hætta á að þurfa framfærslu frá hinu opinbera, útilokun frá samfélaginu, fátækt, skuldum og vímuefnaneyslu. Í norskum fangelsum þurfa fangar að taka þátt í fangelsisstarfi, úrræðum og menntun. Eins og aðrir þegnar landsins gegna fangar sömu skyldum og ábyrgð og hafa rétt á þjónustu og þægindum. Skólakerfið sér fongum fyrir menntun í eins eðlilegu og opnu umhverfi og hægt er. Með þessu fá aðrar stofnanir skilaboð um þeirra ábyrgð þegar fangi kemur aftur út í samfélagið (Asbjørnsen, Manger og Roth, 2016).

7. Endurkoma út í samfélagið

Viðmælandi 1: „Það er enginn sem tekur þig og bara ... Hey, viltu hjálp?“

Eins og áður var nefnt sinntu árið 2017 þrír sálfræðingar og tveir félagsráðgjafar innan Fangelsismálstofnunar 600 einstaklingum í afplánun, á áfangaheimilum, á reynslulausn eða sem sinntu samfélagsþjónustu. Til samanburðar má nefna að í Danmörku sinnir einn félagsráðgjafi 20 föngum. Á þessum tíma voru í forgangi einstaklingar með langa dóma og mögulega einhverjir sem aldrei hittu sálfræðing eða félagsráðgjafa. Mikilvægt er að huga að hvernig móttökur einstaklingar fá út í samfélaginu eftir afplánun. Meiri líkur eru á að einstaklingar brjóti af sér aftur ef móttökurnar eru andúð og fordómar. Það þarf að muna eftir að þessir einstaklingar eru manneskjur jafnvel þó brotin hafi verið skelfileg sem þeir frömdu á sínum tíma (Júlía Margrét Alexandersdóttir, 2017).

Skert tækifæri á vinnumarkaði og breytingar á félagslegum tengslum eru þekktir áhættuþættir hvað varðar frávíkshæðun. Fyrirverandi afbrotasögu er oft leynt á vinnustað vegna fordóma og stimplunar. Oft fer á kreik orðrómur um frávíkshæðun. Aðrir dæma og greina viðkomandi einstakling jafnvel aðeins út frá klæðaburði. Þvingað viðmót er annað sem þessir einstaklingar mæta þar sem aðrir passa sig á hvað þeir segja (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Afstaða sendi frá sér umsögn um frumvarp til laga um heildarendurskoðun á uppreist æru. Þar er nefnt að fyrirverandi fangar fái ekki vinnu almennt hjá ríkinu og einkafyrirtækjum. Þróun í fangelsismálum hafi verið til batnaðar og betrunarkerfið sé mannúðlegra og hafi meiri áhrif en refsikerfið. Mjög mikilvægt sé fyrir dómþola að geta komið aftur út í samfélagið og fengið starf við hæfi (Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á uppreist æru, 2018).

Að sögn Jóns Jacobsen ráðgjafa í Krýsuvík og fyrirverandi fanga er mikil þörf fyrir aukið meðferðarstarf fyrir fanga í afplánun. Meirihluti fanga afpláni dóma vegna afbrota sem tengjast áfengis- eða fíkniefnabrotum sem framin voru í vímu eða til að fjármagna neysluna. Margir fangar hafa orðið fyrir áfalli í æsku og er neyslan tilraun til að deyfa afleiðingar þeirra áfalla. Mikilvægt er að fyrirverandi fangar geti fengið atvinnu. Þar með verða þeir virkir þátttakendur í samfélaginu og greiða sína skatta og skyldur en verða ekki byrði á þjóðfélaginu. Jón segir það sorglegt að aðeins örfáir eru í sömu stöðu og hann, þ.e. laus við neyslu og í heiðarlegu starfi (Kristín Sigurðardóttir, 2019b).

Rauði krossinn í Kópavogi hefur farið út í verkefni sem ber heitið Félagsvinir eftir afplánun. Verkefnið felst í að aðstoða fólk við ýmislegt sem tengist daglegu lífi þess,

meðal annars að finna húsnaði og atvinnu og byggja upp heilbriggt félagsnet. Verkefnið er unnið í sjálfböðavinnu af félögum í Rauða krossinum. Til að fá þessa aðstoð getur fólk sem er að ljúka afplánun eða nýkomið úr afplánun haft samband við félagsráðgjafa hjá Fangelsismálastofnun eða beint við Rauða krossinn í Kópavogi (Rauði krossinn, e.d.). Að sögn Aðalheiðar Jónsdóttur er mikil þörf fyrir slíka aðstoð þar sem margir hafa að engu að hverfa eftir afplánun. Fyrirmyndin af verkefninu kemur frá Rauða krossinum í Noregi en þar hefur svona verkefni verið unnið í fimmtán ár með góðum árangri (Dagný Hulda Erlendsdóttir, 2018).

Í desember 2016 héldu Afstaða, félags fanga og Rauði krossinn kynningarfund um verkefnið að frumkvæði fanga. Á þeim fundi kom meðal annars fram að með því að aðstoða fyrrverandi fanga og koma í veg fyrir endurtekin brot væri hægt að spara allt að 260 milljónir króna á 15 til 20 árum sem er kostnaður vegna eins einstaklings innan réttarkerfis og fangelsis. Margir fangar kunna ekki að koma sér fyrir í samfélaginu eftir afplánun og því sé ekki langt þar til þeir brjóta af sér aftur þar sem enga aðstoð er að fá. Lögð er áhersla á að koma fjármálum einstaklinganna í lag þar sem eftir afplánun tekur við ferli að ráða fram úr skuldavanda einstaklinga (Arnar Páll Hauksson, 2016).

7.1. Meðferðarheldni

Kaiser og Holtfreter (2015) segja að á undanförunum tveimur áratugum hafi sérhæfðum áætlunum og úrræðum fjölgað gríðarlega, bæði í umfangi og fjölbreytni. Úrræðin hafa farið úr því að vera tengd fíkniefnabrotum í að takast á við vanda tengdum andlegri heilsu, heimilisofbeldi og fleira. Þrátt fyrir langa sögu um tilraunir yfirvalda til sanngjarna úrræða, þegar kemur að meðferðum sakamála og tilraunum til að veita neytendum fíkniefna viðeigandi meðferð, hefur uppbyggingin og hönnunin haft áhrif á sérhæfðar dómsáætlanir og meðferð yfirvalda. Sérhæfð dómsáætlun býður upp á leiðbeinandi áætlun fyrir réttarvörslukerfið til að hafa til hliðsjónar þegar íhuga á hlutverk þess í endurhæfingu brotafélks. Kenningarmódelið meðferðarlögfræði (e. therapeutic jurisprudence) getur mögulega veitt hugtakafræðileg rök til að útskýra hvers vegna sérhæfð dómsúrræði sem þessi virki til að efla meðferðarheldni brotafélks í samvinnu við dómstóla og á endanum ná árangursríkri endurhæfingu. Meðferðarlögfræði er skilgreind sem sú nálgun, að endurskoða lög og lagaferli á þann hátt að hægt sé að bæta sálfræðilega og tilfinningalega velferð þeirra sem hún hefur áhrif á. Meðferðarlögfræði leggur áherslu á og krefst þess að lögfræðingar sýni skilning á því hvernig gjörðir þeirra og háttsemi og lagaleg ferli hefur áhrif á aðra og getur bæði haft uppbyggjandi áhrif eða aftrað

endurhæfingu. Í meðferðarlögfræði felast lagaleg afskipti, náin eftirfylgni meðferðar og samvinna með samfélagsþjónustu. Samskipti dómara og sakbornings er þó miðpunkturinn fyrir virkni úrræðisins þar sem framkoma dómara getur haft gríðarleg áhrif á hegðun sakbornings. Þrátt fyrir að sérhæfðar dómsáætlanir hafi verið notaðar í þó nokkur ár, þá skortir vísindalegar rannsóknir á hagnýtingu þeirra og í raun hvernig þær virka til að draga úr afbrotum en þær virðast samt með einhverju móti gera það (Kaiser og Holtfreter, 2016).

De Waard (2017), bendir á að fjölmargar yfirlitsrannsóknir hafi sýnt fram á að aðstæðubundin nálgun getur haft gríðarlega áhrif á og dregið úr brotatiðni. Sem dæmi heldur Ron Clarke, sérfræðingur í aðstæðubundinni nálgun, því fram að það sé auðveldara að breyta stöðum heldur en fólki eða „It is easier to change places than people.“ Eitt af undirstöðuatriðum þegar kemur að tækifærisglæpum eða aðstæðubundnum afbrotum er að tækifærið býr til þjófinn eða „opportunity makes the thief.“ Þetta er kjarni nálgunarinnar, þ.e. góð vernd með hjálp tæknilegra og félagslegra ráðstafana hefur betri fyrirbyggjandi áhrif en bein áhrif á persónuleika og einkalíf mögulegs geranda. Markmiðið er að gefa sem minnst tækifæri á afbroti og hafa þannig áhrif á afbrotahegðunina óbeint. Hegðun sem leiðir til afbrota er oft styrkt af félagslegum þáttum. Eftir því sem meðferðin fjarlægist hegðunina og aðstæðurnar sem hegðunin á sér stað í minnka áhrif meðferðarinnar. Meðferðir eru dýrar og aðeins þær bestu sýna árangur og þar þarf framlag einstaklingsins að vera töluvert (De Waard, 2017).

Lykilatriði í að gera aðstæðubundna nálgun sem áhrifaríkasta er einfaldleiki. Öryggisráðstafanir, einnig nefndar forvarnir gegn glæpum eins og öryggismyndavélar, ekkert reiðufé, öryggisverðir, þjófavarnir, betri læsing og að hafa ljós kveikt er hægt að nota gegn ýmsum ólíkum brotaflokkum á borð við þjófnað á ökutækjum, innbrot og hnupl úr verslunarmiðstöðvum og smá-vöruverslunum. Breyting á lokunartíma og öruggar almenningssamgöngur á svæðum þar sem skemmtistaðir eru staðsettir og skemmtanamening mikil er einföld leið til að koma í veg fyrir ofbeldi sem getur átt sér stað sökum ölvunar og/eða vímuefna (De Waard, 2017).

8. Endurhæfing

Viðmælandi 1:... þúst ekki 90%, heldur alla þessa stráka og segja bara hey ... Nú ertu búinn að fokka... nú hefuru 2 valkosti... Að fara hérna í þetta úrræði... eða á Litla Hraun. Bara 100% af þeim segir bara nei ekki séns ég fari á Hraunið. Veistu hvað ég var hræddur ... að fara inn á Litla Hraun í fyrsta skipti! Úffff ég hefði fari ... í kvennaathvarfið frekar skiluru...

Markmið *Laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða* er að tryggja aðgang einstaklinga að atvinnutengdri starfsendurhæfingu vegna skertrar starfsgetu eftir veikindi eða slys. Til að ná þessu markmiði fyrir sem flesta þurfa starfsendurhæfingarsjóðir, stofnanir sveitarfélaga og stofnanir á vegum ríkisins að sinna hlutverkum sínum og skilgreina þau. (Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, nr. 60/2012). Markmið *Laga um vinnumarkaðsaðgerðir* er að aðstoða einstaklinga eftir því sem við á til virkrar þátttöku á vinnumarkaði (Lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006). Hvergi er minnst á fanga í þessum lögum.

8.1. VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun, stofnaður 19. maí 2008 og hóf starfsemi í ágúst sama ár. (VIRK starfsendurhæfingarsjóður [VIRK], e.d.-e). VIRK fjármagnar starfsendurhæfingarstöðvar á Höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi-vestra, Akureyri og Eyjafjarðarsvæði, Þingeyjarsýslum, Austurlandi, Suðurlandi, Vestmannaeyjum og Reykjanesi (VIRK, e.d.-j). Síðan 2014 hafa VIRK og Vinnumálastofnun (VMST) verið í samstarfi um mögulega starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga sem eru í þjónustu hjá VMST (VIRK, e.d.-i). Hjá VIRK starfar fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu (VIRK, e.d.-e). Á sviði starfsendurhæfingar er VIRK leiðandi í þróun og rannsóknum. Í samstarfi við fyrirtæki, fagaðila og stofnanir hefur unnist samfélagslegur ávinningur með því að auka þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði (VIRK, e.d.-b).

Ábatinn af starfsemi Virk skilar sér víða í samfélaginu. Ríkið fær skatttekjur og lífeyrissjóðir iðgjöld frá þeim sem komast aftur út á vinnumarkaðinn og um leið eru þeir einstaklingar ekki háðir opinberum framfærsluaðilum. Það skilar sér til fólks í bættum fjárhag og auknum lífsgæðum. Frá upphafi og til loka árs 2018 höfðu tæplega fimmtán þúsund einstaklingar leitað til VIRK og um níu þúsund einstaklingar eða 70% þeirra eru á

vinnumarkaði. Eftirspurn eftir þjónustu VIRK hefur sífellt aukist. Þeim fjölgar sem takast á við flókin og fjölbættan og vanda. Rúm 70% einstaklinga sem leita til VIRK skortir starfsgetu vegna stoðkerfisvanda eða andlegra sjúkdóma og þeim fjölgar sem eiga við hvort tveggja að stríða. Meðalaldur einstaklinga sem leita til VIRK hefur einnig lækkað þar sem ungu fólki hefur fjölgað í þeirra þjónustu undanfarin ár (VIRK, e.d.-e).

Hlutverk VIRK er að veita árangursríka starfsendurhæfingarþjónustu í þeim tilgangi að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar slysa eða veikinda. Þar er stuðst við reynslu, rannsóknir og þekkingu til að tryggja örugga og árangursríka þjónustu ásamt því að stuðla að þróun og auknum rannsóknum á sviði starfsendurhæfingar. Hlutverk sjóðsins er einnig að fjármagna, skipuleggja og stuðla að samstarfi sérfræðinga, ráðgjafa og þjónustuaðila og hafa umsjón með þeim við mótun áætlunar um einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu. Raunhæfi starfsgetu og starfsendurhæfingar er metin út frá heilsubresti eða skertri starfsgetu einstaklings. Í samvinnu við fagaðila, stofnanir og fyrirtæki eru sköpuð fjölbreytt tækifæri á vinnumarkaði fyrir þetta fólk. Þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi vinnugetu er grunnurinn samræmt starfsgetumat (VIRK, e.d.-b).

Starfsemi VIRK byggir á þrenns konar gildum. Í fyrsta lagi, fagmennsku, þ.e. að búa yfir þekkingu, reynslu og færni; vera áreiðanleg, örugg, traust og trú. Í öðru lagi virðingu, fyrir sér og samferðafólki; vera sveigjanleg og leggja áherslu á umburðarlyndi, auðmýkt, samvinnu og samstarf. Í þriðja lagi, metnaði, þ.e. að sýna frumkvæði og framsækni, hafa hugrekki og vilja til að fara nýjar leiðir, læra af reynslunni og gera betur (VIRK, e.d.-a).

8.1.1. Starfsemi VIRK

Í samstarfi við stéttarfélög er VIRK með þjónusturáðgjafa um allt land. Á hverju landsvæði starfa sérhæfðir ráðgjafar í starfsendurhæfingu hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga, í samvinnu við atvinnurekendur og stofnanir. Einnig vinna ráðgjafarnir með fagfólki á hverju svæði fyrir sig en misjafnt er eftir landsvæðum hvaða úrræði eru í boði. VIRK semur við starfsendurhæfingarstöðvar til að tryggja faglega reynslu og þekkingu í starfsendurhæfingu um allt land. Í samræmi við matsferil VIRK er boðið upp á heildstæð úrræði með áherslu á einstaklingsmiðaða og fjölbreytta þjónustu sem tekur mið af einstaklingnum og aðstæðum hans hverju sinni. Þar má nefna þjónustu sálfræðinga, sjúkraþjálfara, símenntunaraðila og annars fagfólks. Í boði eru einstaklings- og hópúrræði og í einhverjum tilvikum er notast við fjarfundabúnað ef tiltekin þjónusta er ekki í boði í heimahéraði viðkomandi (VIRK, e.d.-j).

8.1.2. Aðferðafræði VIRK

Lögð er áhersla á gott samstarf við lækna og annað starfsfólk innan heilbrigðiskerfisins. Þegar einstaklingur hefur þörf fyrir þjónustu VIRK þarf hann að fá tilvísun frá lækni um heilsubrest sinn (VIRK, e.d.-g). Sérfræðingar og ráðgjafar Virk sjá um kaup á úrræðum í samræmi við þarfir skjólstæðinga og áherslur í starfsendurhæfingu (VIRK, e.d.-h). Hægt er að óska eftir samstarfi við sjúkraþjálfara þegar sjúkraþjálfun er talin nauðsynleg fyrir skjólstæðinginn (VIRK, e.d.-f).

Starfsgetumat er heildrænt mat á færni einstaklingsins, styrkleikum hans, hindrunum til að geta tekið þátt á vinnumarkaði og um leið vera virkur samfélagsþegn. Forsendur matsins eru andlegar, líkamlegar og félagslegar. Ekki er tekið tillit til orsaka skerðingar þegar færni skjólstæðings er mæld (VIRK, e.d.-l).

8.1.3. Hverjir eiga rétt á þjónustu hjá VIRK

VIRK setur tvö megin skilyrði fyrir aðstoð og þau eru annars vegar að viðkomandi hafi verið fjarvistum frá vinnumarkaði um lengri tíma vegna andlegs eða líkamlegs heilsubrests og hins vegar að einstaklingur hafi það markmið að komast aftur á vinnumarkað eins fljótt og hægt er. Auk þess þarf einstaklingurinn að hafa vilja og getu til að taka þátt í starfsendurhæfingunni, að taka ábyrgð á sínu lífi til að sinna daglegum þörfum sínum. Talsvert er um frávísanir hjá VIRK og er þá viðkomandi bent á viðeigandi úrræði (VIRK, e.d.-c).

8.1.4. VIRK og önnur úrræði

VIRK starfsendurhæfingarsjóður er milligönguaðili sem aðstoðar fólk við að komast í úrræði sem hentar því best. Hlutverk VIRK er að upplýsa fólk um hvað er í boði svo það geti tekið upplýsta ákvörðun um starfsendurhæfingarferil sinn. Dæmi um slík úrræði eru Hugarafli og Fjölmennt (VIRK, e.d.-k). Einnig hefur aldur skjólstæðinga áhrif á hvaða úrræði er valið. Þar má nefna Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar sem býður upp sex mánaða úrræði fyrir fólk á aldrinum 18 -25 ára (Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar, e.d. og Fjölsmiðjuna sem er vinnusetur fyrir ungt fólk á krossgötum (Fjölsmiðjan, e.d.-a), á aldrinum 16 – 24 ára (Fjölsmiðjan, e.d.-b). Janus endurhæfing er læknisfræðileg starfs- og atvinnuendurhæfing. Árið 2018 útskrifuðust 54,2% skjólstæðinga af 118 í vinnu, nám eða virka atvinnuleit. Meirihluti skjólstæðinga var á þessum tíma ungt fólk þar sem meðalaldur var 27.35 ár. Margir skjólstæðinganna, eða 98.85%, áttu við geðræn vandamál að stríða. Athygli vekur að 46.15% skjólstæðinga höfðu notað vímuefni áður en endurhæfing hófst samkvæmt heimasíðu Janusar. Ekki fylgdu upplýsingar um hve margir

höfðu hætt neyslu (Janus endurhæfing, e.d.-a). Einstaklingar sem eru í neyslu fíkniefna eða annara ólöglegra efna eða ofneyslu áfengis fá ekki aðstoð hjá Janusi endurhæfingu nema hafa verið án notkunar í þrjá mánuði þar sem talið er að neyslan komi í veg fyrir árangur endurhæfingar (Janus endurhæfing, e.d.-b).

Mjög mikilvægt er að skjólstaðingur ljúki starfsendurhæfingaráætlun. Við lok þjónustu hjá Virk fer meirihluti skjólstaðinga í launaða vinnu, virka atvinnuleit eða láns hæft nám. Aðrir fara í starfsgetumat sem mögulega getur verið grundvöllur um varanlega framfærslu hjá framfærsluáðilum (VIRK, e.d.-d).

8.2. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ)

Meginmarkmið SÁÁ er að vinna gegn vanþekkingu og fordómum á áfengis- og vímuefnafíkn og bjóða bestu mögulega þjónustu og meðferð sem völ er á hjá heilbrigðisstarfsfólki með réttindi. Embætti landlæknis sér um faglegt eftirlit þjónustunnar og Sjúkratryggingar Íslands sjá um eftirlit með rekstrinum. SÁÁ rekur Sjúkrahúsið Vog í Reykjavík, meðferðarstöðina Vík á Kjalarnesi og áfangahéimilið Vin í Reykjavík. Einnig eru tvær göngudeildir, önnur í Reykjavík og hin á Akureyri. SÁÁ sinnir fyrst og fremst heildstæðri og samfelldri þjónustu við einstaklinga með fíknisjúkdóm. Í mars 2018 var gefin út greinargerð um þjónustumagn og viðbúnað SÁÁ fyrir árið 2017. Framtíðarsýn SÁÁ er meðal annars að tryggja aðgengi sjúklinga að afeitrun og viðhaldsmeðferð á sjúkrahúsinu Vog, byggja endurhæfingar- og áfangahús fyrir ungar mæður í bata og börn þeirra og koma upp langtímabúsetuúrræði með virkni fyrir veikasta fólkið. SÁÁ spáir því að miðað við óbreytt ástand muni koma í fyrstu meðferð eftir 10 ár, 6 -7 þúsund einstaklingar á aldrinum 16 til 35 ára (SÁÁ, 2018).

8.2.1. Sjúkrahúsið Vogur

Viðmælandi 1: Ég datt í það. Fyrsta sem ég gerði var að fara inn á Vog og bara. Ég datt í það í gær. Þið verðið að taka mig... þið vitið hvernig ég er.... Nú er ég fallinn, þið verðið að hjálpa mér. Og þau bara já... Þú ert bara kominn í forgang og bara fyrsti maður sem kemur inn... við hringjum í þig... Þau hringdu aldrei í mig!

Rúmlega 500 einstaklingar eru á biðlista eftir innlögn á Vog. Um 60 rúm eru á Vogu og innlagnir eru 6-7 á dag, alla daga ársins, þar af 600 einstaklingar sem eru að koma í fyrstu meðferð. Meðaldvöl á Vogu er tíu dagar. Við komu á Vogu eru flestir einstaklingar undir áhrifum vímuefna eða í fráhvörfum (SÁÁ, 2018). Á Vogu er lagður metnaður í að veita þjónustu fyrir ólíka hópa samfélagsins og um leið að tryggja öryggi allra (SÁÁ, e.d.-a). Í sérhæfðri meðferð við fíknisjúkdómi er lögð áhersla á fíknisjúkdóm sem margþátta

sjúkdóm sem hægt er að meðhöndla. Meðferðin byggir á greiningum, afeitrun, lyfjameðferð og sálfélagslegri meðferð. Árið 2017 innrituðust 300 einstaklingar yngri en 20 ára. Sum ólöggráða ungmenni eiga við mikinn félagslegan vanda að stríða til viðbótar vímuefnaneyslu. Hegðunarvandi, áhættuhegðun og afbrot eru þættir sem sum þessara ungmenna eiga sameiginlega auk þess að hafa verið í umsjá barnaverndaryfirvalda og lögreglu. Markmið með innlögnum á Vog er fyrst og fremst að bæta félagslega stöðu þessara ungmenna. Þessi ungmenni geta hvorki verið á barnadeildum né geðdeildum fyrir fullorðna (SÁÁ, 2018).

8.2.2. Meðferðarstöðin Vík

650 einstaklingar innrituðust í Vík árið 2017. Eftirmeðferð í Vík tekur við þegar afeitrun á Vogu lýkur og einstaklingur hefur náð lágmarksjafnvægi. Boðið er upp á sérhæfð meðferðarúrræði, sem hvert stendur í 28 daga. Kvennameðferð miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og skapa samstöðu meðal kvenna þar sem meiri fordómar og minni stuðningur er upplifun kvenna í neyslu. Karlameðferð er fyrir karla yngri en 55 ára í fyrstu meðferð. Meðferð fyrir endurkomumenn (Víkingsmeðferð) er fyrir karla sem áður hafa komið í meðferð og beinist að því að varna falli og gera áætlun að lengri bata. Meðferð fyrir eldri karla er ætluð 55 ára og eldri. Þar er áhersla á vinnu gegn félagslegri einangrun og undirliggjandi heilsufarsvanda (SÁÁ, 2018).

8.2.3. Göngudeildir SÁÁ

Eftir meðferð á Vogu og/eða Vík, stendur einstaklingum til boða 12 mánaða áframhaldandi meðferð á göngudeildum SÁÁ. Þar eru ráðgjafar með viðtalsþjónusta alla daga, bæði fyrir fíknisjúklinga og aðstandendur. Árið 2017 voru komur á göngudeildir SÁÁ 28.000. Athygli vekur að framlag ríkisins til rekstrar göngudeildanna sama ár var 0 krónur (SÁÁ, 2018).

8.2.4. Vin

Á Vin, sem rekið hefur verið í 10 ár, búa 22 karlar sem hafa lokið mörgum meðferðum en ekki tekist að ná bata og eru í langtímastuðningi hjá SÁÁ. Flestir einstaklinganna nota vímuefni í æð og eru húsnæðislausir. Þetta úrræði hefur gefist vel og mætti nýta reynsluna til að opna samskonar úrræði fyrir konur sem mikill skortur er á (SÁÁ, 2018). SÁÁ hefur fengið á sig gagnrýni fyrir að útiloka fanga frá meðferðarúrræðum hjá SÁÁ og að fangar geti afplánað refsingu að hluta á Vogu. Fangar hafa rétt á að ljúka afplánun í meðferð og er það mat SÁÁ að meðferð fíknisjúkdóma sé

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

föngum jafnnauðsynleg og önnur heilbrigðisþjónusta. Slíka meðferð þarf að semja um varðandi verklag og faglegt mat (SÁÁ, e.d.-a).

9. Niðurstöður, umræður og lokaorð

Eins og fram kom í upphafi var hvati okkar að þessu lokaverkefni sá að við töldum að skortur væri á úrræðum til betrunar í íslenskum fangelsum. Eftir að hafa skoðað hvað föngum í íslenskum fangelsum stendur til boða hvað varðar betrun, endurhæfingu og menntun er niðurstaða okkar sú að skortur er á fjölbreyttum úrræðum og staða margra íslenskra fanga þegar þeir ljúka afplánun og koma aftur út í samfélagið er slæm. Margra fanga skortir félagslegt bakland sem veitir þeim stuðning þegar þeir hefja nýtt og betra líf, stuðning við atvinnu- og húsnæðisleit og að koma reglu á eigin fjárhag. Aðgangi fanga að heilbrigðiskerfinu er ábótavant. Enginn geðlæknir starfar við fangelsin og sálfræðipjónusta er af skornum skammti sem er þó eitt það mikilvægasta í leið að betrun og endurhæfingu. Yfirvöld á Íslandi ættu að setja metnað og fjármagn í málefni fanga og huga að frekari leiðum þeim til stuðnings.

Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að börn með ADHD, hvort sem þau eru greind klínískt eða ekki, eru líklegri til að eiga erfiðara í samskiptum við jafningja og aðlaga sig félagslegum aðstæðum. Brestur í athygli barna getur dregið úr möguleikum og getu þeirra til að öðlast hæfni í félagslegum samskiptum. Þar að auki getur ofvirkni og hvatvísi gert það að verkum að í félagslegum aðstæðum finni börn fyrir pirringi, sýni af sér óviðeigandi hegðun eða finni fyrir félagsfælni (Kawabata, Tseng, og Gau, 2012). Eins og áður kom fram hafa rannsóknir gefið til kynna að um 25-45% fanga séu með ADHD. (Ginstbert, Hirvikoski, Grann, og Lindefors, 2012). Einstaklingar með ADHD eiga oft sögu um slakan námsárangur (Kawabata, Tseng, og Gau, 2012). Við teljum því að námsframboð í fangelsum á Íslandi ætti að vera sérhannað fyrir einstaklinga sem eiga við námsörðugleika að glíma og meira framboð iðnnáms væri ein leið til að vekja áhuga á menntun. Námskeið á borð við reiðistjórnunarnámskeið, lífsleikninámskeið og námskeið í uppeldi gætu líka verið gagnleg.

Aðeins fjögur ný úrræði fyrir fanga verið sett á laggirnar síðan 1990, þar á meðal að fangar gætu lokið afplánun á meðferðardeild ef þeir eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Opnum úrræðum, eins og samfélagsþjónusta og rafrænt eftirlit hefur fjölgað (Helgi Gunnlaugsson, 2018). VIRK starfsendurhæfingarsjóður hefur með aðgangi að fjölbreyttum einstaklingsmiðuðum úrræðum, lyft grettistaki í samfélaginu með starfi sínu við að aðstoða einstaklinga út á vinnumarkað (VIRK, 2018). Við álítum VIRK hafa alla burði og faglega getu til að taka að sér ráðgjöf í endurhæfingu fanga en spurning er hvort auglýsa þurfi þjónustuna með markvissari hætti innan fangelsa.

Þegar umræður eiga sér stað um fangelsisvist og betrun er viðhorf fólks oftar en ekki að fangelsisvist eigi að vera refsing frekar en betrun. Þeir aðilar sem rætt hefur verið við og hafa setið inni segja að þeir geti í raun aðlagast hvaða umhverfi sem er. Refsingin sjálf felist alltaf í frelsissviptingunni, að geta ekki stjórnað hvert þeir fara, hvenær þeir hitti vini og fjölskyldu, hverja þeir þurfa að umgangast og að á ákveðnum tímum sólarhringsins þurfi þeir að vera læstir inni í klefa. Það þarf að velta fyrir sér þeirri staðreynd að þessir einstaklingar koma aftur út í samfélagið á einhverjum tímapunkti. Ef stærsti þáttur refsingarinnar er frelsissviptingin, viljum við þá ekki sem samfélag að tíminn sem fer í „refsinguna“ verði nýttur í að byggja fanga upp og auka þannig líkurnar á að samfélagið fái hæfari samfélagsþegn til baka? Það að fangar skuli ljúka afplánun í meðferð við vímuefnavanda gefur til kynna að neysla fari fram innan fangelsisveggjanna. Samkvæmt þeim tveim fyrrverandi föngum sem rætt var við, var það staðreynd á meðan þeir afplánuðu. Er ekki betra að byrja á því að taka á þessum vanda svo hægt sé að gera meira uppbyggilegt fyrir fangana í kjölfarið. Hvað varðar takmarkanir við skrif þessarar ritgerðar má helst nefna að ekki var leitað eftir álitum fanga sem á þessum tímapunkti afplána dóm, starfandi fangavarða, fangelsismálastjóra né ráðamanna hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði um endurhæfingarúrræði fyrir fanga. Okkur finnst viðeigandi að enda þessa ritgerð á orðum viðmælanda 1 með tilliti til endurhæfingar í fangelsum: „kannski er þetta bara boltinn sem er að fara að rúlla...“

Heimildaskrá

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-a).

Akureyri. Sótt af <http://www.afstada.is/akureyri.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-b).

Hólmsheiði. Sótt af <http://www.afstada.is/holmsheidi.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-c).

Litla Hraun. Sótt af <http://www.afstada.is/litla-hraun.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-d).

Kvíabryggja. Sótt af <http://www.afstada.is/kviabryggja.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-e).

Sogn. Sótt af <http://www.afstada.is/sogn.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-f).

Stjórnsýslan. Sótt af <http://www.afstada.is/stjornsysla.html>

Afstaða félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (e.d.-g).

Um félagið. Sótt af <http://www.afstada.is/um-felagid.html>

Arnar Páll Hauksson. (2016, 8. desember). Ný refsing eftir afplánun. RUV.is. Sótt af

<http://www.ruv.is/frett/ny-refsing-efir-afplanun>

Asbjørnsen, A., Manger, T. og Roth, B.B. (2016). The relationship between prisoners' academic self-efficacy and participation in education, previous convictions,

sentence length, and portion of sentence served. *Journal of Prison Education and*

Reentry. 3(2). Sótt af <https://scholarscompass.vcu.edu/jper/vol3/iss2/6>

Björn Þorfinnsson og Ragna Gestsdóttir. (2019, 11. Janúar). *Dv.is*. Þorleifur stytta sér

aldur á litla-hrauni: „Hann átti ekki að vera í fangelsi“. Sótt af

<https://www.dv.is/frettir/2019/01/11/thorleifur-stytti-ser-aldur-litla-hrauni/>

Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2015). *Fjölbrautaskóli Suðurlands: úttekt á*

starfsemi unnin fyrir mennta-og menningarmálaráðuneyti. Sótt af

https://mms.is/sites/mms.is/files/fjolbrautaskoli_sudurlands_2015.pdf

Dagný Hulda Erlendsdóttir. (2018, 6. september). Hjálpa fyrrverandi fögum að fóta sig á ný. RUV.is. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/hjalpa-fyrrverandi-fongum-ad-fota-sig-a-ny>

Davíð Roach Gunnarsson. (2019, 12. mars). Listaháskólinn og Litla Hraun í eina sæng. RUV.is. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/listahaskolinn-og-litla-hraun-i-eina-saeng>

De Waard, J. (2018). What Works?: A systematic overview of recently published meta evaluations / synthesis studies within the knowledge domains of Situational Crime Prevention, Policing, and Criminal Justice Interventions, 1997-2018 (update 4 July 2018). Sótt af:
https://www.researchgate.net/publication/320519021_What_Works_A_systematic_overview_of_recently_published_meta_evaluations_synthesis_studies_within_the_knowledge_domains_of_Situational_Crime_Prevention_Policing_and_Criminal_Justice_Interventions_1997-

Fangelsimálastofnun Ríkisins. (2018a). Árstöflur 2009-2016, bls. 10. Sótt af <https://www.fangelsi.is/media/almennt/Arstoflur-2009-til-2016.pdf>

Fangelsimálastofnun. (2018b). Nordisk statistik för kriminalvården i Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige 2012-2016, bls.56). Sótt af <https://www.fangelsi.is/media/almennt/nordisk-statistik-for-kriminalvarden-i-danmark-finland-island-norge-og-sverige-2012-2016.pdf>

Fangelsimálastofnun ríkisins. (e.d.-a). Sótt af <https://www.fangelsi.is>

Fangelsimálastofnun ríkisins. (e.d.-b). Dómar. Sótt af <https://www.fangelsi.is/domar/>

Fangelsimálastofnun ríkisins. (e.d.-c). Fangelsið Akureyri. Sótt af <https://www.fangelsi.is/fangelsin/akureyri/>

Fangelsimálastofnun ríkisins. (e.d.-d). Fangelsið Hólmsheiði. Sótt af <https://www.fangelsi.is/fangelsin/holmsheidi/>

Fangelsimálastofnun ríkisins. (e.d.-e). Fangelsið Litla Hrauni. Sótt af <https://www.fangelsi.is/fangelsin/litla-hraun/>

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-f). Fangelsið Kviabryggju. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/fangelsin/kviabryggja/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-g). Fangelsið Sogni. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/fangelsin/sogn/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-h). Fangelsismálastofnun. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-j). Innkomubæklingur. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/afplanun/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-i). Rafrænt eftirlit. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/afplanun/rafraent-eftirlit/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-k). Reynsluslausn. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/afplanun/reynslulausn/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-l). Samfélagsþjónusta. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/>

Fangelsismálastofnun (e.d.-m) Starfsmenn. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun/starfsmenn/>

Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.-n). Þjónusta í fangelsi. Sótt af

<https://www.fangelsi.is/afplanun/afplanun-i-fangelsi/>

Fox, B. H., Perez, N., Cass, E., Baglivio, M. T. og Epps, N. (2015). Trauma Changes everything: Examining the relationship between adverse childhood experiences and serious, violent and chronic juvenile offenders. *Child Abuse & Neglect*, 46, 163-173. doi:10.1016/j.chiabu.2015.01.011.

Fjölsmiðjan. (e.d.-a). Fjölsmiðjan. Sótt af <http://www.fjolsmidjan.is/>

Fjölsmiðjan. (e.d.-b). Um fjölsmiðjuna. (2011). Sótt af

<http://www.fjolsmidjan.is/Um%20Fj%C3%B6lsmi%C3%B0juna>

Ginstbert, Y., Hirvikoski, T., Grann, N. og Lindefors N. (2012). Long-term functional outcome in adult prison inmates with ADHD receiving OROS-methylphenidate.

European Archives of Psychiatry and Clinical Neuroscience, 262(8), 705-724. doi:
10.1007/s00406-012-0317-8

Helgi Gunnlaugsson. 2018. *Afbrot og íslenskt samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Hirschi. T. (1969). Causes of delinquency. 2. Kafli, 16-26. Berkley: University of
California Press. sótt af
<http://faculty.washington.edu/matsueda/courses/517/Readings/Hirschi%20chapters%201%20and%202.pdf>

Hreinn S. Hákonarson. (2019, 25. janúar). Fangelsi er ekki endastöð. Sótt af
<http://www.fangelsismal.is/2019/01/25/fangelsi-er-ekki-endastod/>

Hringbraut. (2018, 16. nóvember). Há endurkomutíðni fanga á Íslandi: „Það kemur
enginn betri út af Hólmsheiðinni“. Hringbraut.is. Sótt af
<http://www.hringbraut.is/heilsa/thad-kemur-enginn-betri-ut-af-holmsheidinni>

Janus endurhæfing. (e.d.-a). Sótt af <https://www.janus.is/>

Janus endurhæfing. (e.d.-b). Um Janus endurhæfingu. Sótt af
<https://www.janus.is/index.php/um-janus-1/um-janus-endurhaefingu>

Jóhann Bjarni Kolbeinsson. (2018a, 1. ágúst). Færri bíða fangavistar í fyrsta sinn frá
hruni. *RUV.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/faerri-bida-fangavistar-i-fyrsta-sinn-fra-hruni>

Jóhann Bjarni Kolbeinsson. (2018b, 19. ágúst). Fangar á Íslandi brjóta sjaldnast af sér
aftur. *RUV.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/fangar-a-islandi-brjota-sjaldnast-af-ser-aftur>

Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmynd:
Nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimulun. Í Úlfar Hauksson
(ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Félagsvísindadeild*. Erindi flutt á
ráðstefnu í október 2005 (bls. 111-121). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla
Íslands. Sótt af
<http://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/slideshow/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3kin.pdf>

- Júlia Margrét Alexandersdóttir. (2017, 23. september) Andúð og fordómar ýta undir frekari brot. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/23/andud_og_fordomar_yta_undir_frekari_brot/
- Kaiser, K., A. og Holtfreter, K. (2016). An integrated Theory of Specialized Court Programs: Using Procedural Justice and Therapeutic Jurisprudence to Promote Offender Compliance and Rehabilitation. *Criminal justice and behaviour*, 43(1), 45-62. doi: 10.1177/0093854815609642
- Kawabata, Y., Tseng, W. L. Og Gau, S. S. F. (2012) Symptomes of Attention-Deficit/Hyperactivity disorder and Social and School Adjustment: The Moderating Roles of Age and Parenting. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 40(2), 177-188. doi:10.1007/s10802-011-9556-9
- Konstenius, M., Leifman, A., van Oortmersen, K. van E., van de Glind, G., Franck, J., Moggi, F, ...van den Brink, W. (2017). Childhood trauma exposure in substance disorder patients with and without ADHD. *Addictive Behaviors*, 46, 38-48. doi10.1016/j.addbeh.2016.10.016
- Kristín Sigurðardóttir. (2019a, 5. febrúar). Fangar þurfi aukna aðstoð. *RUV.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/fangar-thurfi-aukna-adstod>
- Kristín Sigurðardóttir. (2019b, 2. mars). Tók 22 ár að greiða upp sakarkostnað. *RUV.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/tok-22-ar-ad-greida-upp-sakarkostnad>
- Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012
- Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006
- Magnús Einarsson. (2011). Félagsfræðiveislan : Sjónarhorn félagsfræðinnar. Reykjavík: Iðnú, 2011.
- Miceli, V. (2009). Analyzing the Effectiveness of Rehabilitation Programs. Senior Honors Projects. Paper 158. Sótt af

<https://digitalcommons.uri.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1160&context=srhonorsprog>

The National Commissioner of the Icelandic Police. (2005). The Icelandic Police and the Justice System A short introduction. Sótt af <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4138/Icelandic%20Police%20and%20Justice%20System.pdf?sequence=1>

Pakes, F. og Gunnlaugsson, H. (2018). A more nordic norway? examining prisons in 21st century iceland. *The Howard Journal of Crime and Justice*, 57(2), 137-151. doi:10.1111/hojo.12244

Pakes, F. og Holt, K. (2017). Crimmigration and the prison: Comparing trends in prison policy and practice in england & wales and norway. *European Journal of Criminology*, 14(1), 63-77. doi:10.1177/1477370816636905

Rauði krossinn. (e.d.). Félagsvinir eftir afplánun. Sótt af <https://www.raudikrossinn.is/felagsvinir/>

Rehan, W., Antfolk, J. og Johansson, A. (2016). Do Single Experiences of Childhood Abuse Increase Psychopathology Symptoms in Adulthood? *Journal of Interpersonal Violence*. 34(5) 1021–1038. doi10.1177/0886260516647004

Roth, B., Asbjornsen, A. og Manger, T. (2017). The relationship between prisoners' academic self-efficacy and participation in education, previous convictions, sentence length, and portion of sentence served. *Journal of Prison Education and Reentry*, 3(2). Sótt af <https://scholarscompass.vcu.edu/jper/vol3/iss2/6>

SÁÁ - samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. (2018). *Greinargerð um þjónustu SÁÁ*. Sótt af https://saa.is/wp-content/uploads/2018/10/greinargerð_SAA_2018-web.pdf

SÁÁ - samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. (e.d.-a). Frá fongum til barna. Sótt af <https://saa.is/fra-fongum-til-barna/>

SÁÁ - samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. (e.d.-b). SÁÁ, Talnaupplýsingar. Sótt af <https://saa.is/talnaupplýsingar/>

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar. (e.d.). sótt af <http://stendur.is/>

Sykes, G. M. og Matza, D. (1957). Techniques of neutralization: A theory of delinquency. *American Sociological Review*, 22(6), 664-670. doi:10.2307/2089195

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á uppreist æru. (2018). Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-556.pdf>

Vernd. (e.d.-a). Áfangaheimilið. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=37&Itemid=174

Vernd. (e.d.-b). Starfsemi. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=36:starfsemi

Vernd. (e.d.-c). Starfsemi verndar. Sótt af http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=33&Itemid=172

Virk Starfsendurhæfingarsjóður. (2018). *Ársrit Virk 2018*. Sótt af https://www.virk.is/static/files/_2016/fjolmidlar/virk_2018_arsrit-net.pdf

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- a). Gildi Virk. Sótt af <https://www.virk.is/is/virk/gildi-virk>

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- b). Hlutverk og framtíðarsýn. Sótt af <https://www.virk.is/is/virk/hlutverk-og-stefna>

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- c). Hverjir eiga rétt á þjónustu Virk? Sótt af <https://www.virk.is/is/einstaklingar/hverjir-eiga-rett-a-adstod>

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- d). Lok þjónustu. Sótt af <https://www.virk.is/is/einstaklingar/lok-thjonustu>

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- e). Saga Virk. Sótt af <https://www.virk.is/is/virk/saga-virk>

- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- f). Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs og sjúkrahjálfa um einstaklingsþjónustu. Sótt af https://www.virk.is/static/files/skmbt_c28018051414170.pdf
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- g). Samstarf við lækna. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/samstarf-vid-laekna>
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- h). Samstarf við sálfræðinga. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/thjonusta-salfraedinga>
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- i). Samstarf við vinnumálastofnun. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/samstarf-vid-vinnumalastofnun>
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- j). Starfsendurhæfing um allt land. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/starfsendurhaefing-um-allt-land>
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.-k). Starfsendurhæfingarúrræði. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/starfsendurhaefingarstodvar/hofudborgarsvaedid/starfsendurhaefingarurraedi>
- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.- l). Starfsgetumat. Sótt af <https://www.virk.is/is/samstarf/starfsgetumat>
- Þórunn Kristjánsdóttir. (2014, 13. ágúst). Opin fangelsi mikið framfaraskref. Mbl.is. Sótt af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1519793/>
- Weisburd, D., Farrington, D. P. og Gill, C. (2017). What works in crime prevention and rehabilitation. *Criminology & Public Policy*, 16(2), 415-449. doi:10.1111/1745-9133.12298
- Welsh, B. C. og Roque, M. (2014). When crime prevention harms: A review of systematic reviews. *Journal of Quantitative Criminology*, 10, 245-266. doi.org/10.1007/s11292-014-9199-2
- Þingskjal 1153/2015. Svar innanríkisráðherra við fyrirspurnum frá Helga Hrafni Gunnarssyni um vistun fanga í öryggisfangelsum og opnum fangelsum. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/144/s/1153.html>

Endurhæfingarúrræði í íslenskum fangelsum

Ævar Þórolfsson. (2004). Persona.is. Sótt af:

<https://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=68&pid=>

18